

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson segir nauðsynlegt að konur séu upplýstar um hjarta- og æðasjúkdóma. 15



**MENNING** Helgi Björns tekur upp plötu til heiðurs Hauki Morthens í Berlín. 30



**SPORT** Europol segir að rannsókn þess hafi leitt í ljós að svindlað hafi verið í 680 knattspyrnuleikjum. 26




Hádegið er hápunktur dagsins
Sími 5 800 600
www.iss.is
iss



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
5. febrúar 2013
30. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Íslenskan er lykillinn

Áhersla á íslenskukunnáttu innflytjenda sem vilja starfa hér virðast hafa aukist. „Íslenskan er lykillinn að samfélaginu" segir framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar. 12

**FBI var hér í heimildarleysi** Utanríkisráðherra fellst ekki á „varnir ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara" í máli sem tengist komu FBI hingað til lands. 2

**Óttast um fjárhag sinn** Rúmur fjórðungur landsmanna óttast um fjárhagslega afkomu sína samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 4

**Vill vöktun á lífríki** Umhverfisráðherra leggur til að veitt verði fjármagn til vöktunar og rannsókna vegna síldardauðans í Kolgrafafirði. 6




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | NA | 4 |
| Akureyri | 0° | N | 6 |
| Egilsstaðir | 1° | NV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 1° | N | 5 |
| Reykjavík | 0° | NA | 5 |

**Bjart S-til** 5-12 m/s snemma dags en dregur úr þegar líður á daginn, fyrst V-til. Bjart S-lands en dálítil él N- og A-til. Hiti víða um frostmark. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Bílar | Fólk




# Fíkniefnapróf hafa verið gerð hjá fjölda fyrirtækja

Ellefu sjómenn í Vestmannaeyjum voru reknir eftir að hafa fallið á fíkniefnaprófi. Slík próf hafa tíðkast um árabil hjá ýmsum fyrirtækjum, svo sem álverum og veitingahúsum. Þá hafa framhaldsskólar notað slík próf.

**VINNUMARKAÐUR** Notkun lyfjaprófa á íslenskum vinnumarkaði er allútbreidd og hefur svo verið um árabil. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum rak á dögunum ellefu sjómenn af þremur togurum fyrirtækisins sem féllu á fíkniefnaprófi og til stendur að allt starfsfólk fyrirtækisins gangist undir fíkniefnapróf.

„Við þekkjum þó nokkuð af dæmum," segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, spurð hversu algengt það sé að fyrirtæki tilkynntu um að til standi að gera lyfjapróf. Aðallega sé um stór fyrirtæki að ræða þegar kerfisbundin lyfjapróf eru gerð; þekkt sé að álfyrirtækin hafa um árabil notað slík próf, og ekki sé óalgengt að veitingahús geri slíka kröfu til starfsmanna sinna. Sigrún segir einnig að tilfallandi erindi í gegnum tíðina komi frá ýmsum fyrirtækjum vegna fíkniefnaprófa og einnig hafi borist erindi þar sem nemendur, og þá í framhaldsskólum, hafi verið látnir gangast undir próf.

Eftirlit með lyfjanotkun starfsmanna er almennt talið sérstaklega mikilvægt í atvinnugreinum þar sem almannahagsmunir krefjast þess, til dæmis í löggæslu, í samgöngum, verklegum framkvæmdum og heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru starfsmenn Landspítalans ekki beðnir um að gangast undir lyfjapróf við ráðningu, svo dæmi sé tekið. Tilviljunarkennd lyfjapróf eru ekki gerð á meðal starfsmanna spítalans og slík próf aðeins gerð í undantekningartilfellum.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, segir að prófin hafi verið gerð með öryggissjónarmið í huga. Allir starfsmenn Vinnslustöðvarinnar hafa skrifað undir yfirlýsingu um að fyrirtækinu sé heimilt að láta gera slík próf. „Þegar kemur að öryggi á sjó og í landi er klárt að allir þurfa að vera allsgáðir."

> **Þegar kemur að öryggi á sjó og í landi er klárt að allir þurfa að vera allsgáðir.**
>
> *Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar.*

Sigrún segir að erindi vegna lyfjaprófa hafi borist til Persónuverndar í mörg ár en treystir sér ekki til að meta hvort um verulega fjölgun slíkra tilvika sé að ræða. Eins hafi tilfelli komið upp í skólum og „að nemendur hafi verið settir í svona próf, en þá með samþykki foreldra," segir Sigrún.

- shá, gar sjá síðu 4



**SAMHUGUR Á FUNDI** Fullt var út úr dyrum á Grand hóteli í gær þegar samningstilboð Landspítalans var kynnt hjúkrunarfræðingum. Tilboðið féll í grýttan jarðveg og 91 prósent fundargesta hafnaði því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjölmennur fundur hjúkrunarfræðinga gaf tilboði að samningi falleinkunn:

# 91% vill hafna samningstilboði

**ATVINNUMÁL** Hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum gáfu tilboði að nýjum stofnanasamningi spítalans falleinkunn í ráðgefandi skoðanakönnun á fjölmennum fundi í gærkvöldi. Fullt var út úr dyrum á Grand hóteli, en um 500 manns sóttu fundinn. Rúmlega níu af hverjum tíu höfnuðu því að gengið yrði að tilboði Landspítalans um launahækkun.

Það voru 497 hjúkrunarfræðingar sem tóku þátt í könnuninni og svöruðu spurningunni hvort þeir vildu að fulltrúar hjúkrunarfræðinga skrifuðu undir tilboðið sem liggur á borðinu. 452 þeirra vilja það ekki, eða 91%. Einungis 38 hjúkrunarfræðingar sögðu já, eða um átta prósent.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, segir að hljóðið í hjúkrunarfræðingum á fundinum hafi verið þungt. „Fólk vill gjarnan semja en því þykir þetta vera allt of lítið skref."

Samninganefnd um endurskoðun stofnanasamnings hjúkrunarfræðinga við Landspítalann kemur saman í dag. Fulltrúar hjúkrunarfræðinga leggja þar fram niðurstöðu skoðanakönnunarinnar. - shá

Söngvakeppni Sjónvarpsins:

# Dalvíkingar eru sigursælir

**MENNING Af þeim 32 keppendum sem sungið hafa fyrir Íslands hönd í lokakeppni Eurovision hafa fimm verið Dalvíkingar, ef talin eru með þau Hera Björk Þórhallsdóttir og Pálmi Gunnarsson sem bæði bjuggu í bænum um tíma. Eyþór Ingi Gunnlaugsson, sem sigraði í íslensku undankeppninni á laugardag, Matthías Matthíasson og Friðrik Ómar Hjörleifsson eru svo allir aldir upp á Dalvík.**

**„Þetta hlýtur að vera tilviljun en þetta er samt mjög dularfullt," segir Matthías Matthíasson og bætir við að Dalvíkingar eigi enn nóg inni í keppninni. „Mér detta strax í hug þrír sem koma vel til greina en þeir eru pottþétt fleiri. Það er svo ótrúlega mikið af góðu söngfólki þarna," segir hann. Tæplega 1.900 manns búa á Dalvík.**

- trs / sjá síðu 30


NÝTT! Minni töflur -auðvelt að gleypa




actavis
WHITA MÚBIÐ / SÍA / Actavis 312040

DOMTI®
Allt fyrir heimilið
Aðeins þrjú verð:
290 kr 390 kr 690 kr
Smáratorgi 1 · 522 7000 · www.domti.is

8 dagar til Öskudags



PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA
Faxafeni 11, Reykjavík • Amarohúsinu, Akureyri
partybudin.is • s. 534 0534

## SPURNING DAGSINS



### Laddi, verður Elsa Lund berrössuð líka?

**„Hún kemur alla vega til með bera sig–vel.“**

Laddi segist munu verða „allsnakinn“ í nýjum einleik í Hörpunni því hann muni ekki fela sig bak við gervi karakteranna sem hann hefur skapað.

Ræðst næstu daga hvort afi sem ráðist var á verður kærður fyrir fleiri brot:

# Ákvörðun um varðhald í dag

**LÖGREGLUMÁL** Dómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra tók sér í gær frest til dagsins í dag til að ákveða hvort úrskurða skyldi tvo unga pilta í einnar viku gæsluvarðhald fyrir alvarlega líkamsárás á afa annars þeirra.

Piltarnir, sem eru átján og nítján ára, brutust inn á heimili mannsins, sem er á áttræðisaldri, á Skagaströnd snemma á sunnudagsmorgun og gengu í skrokk á honum.

Árásina má rekja til grunsemda um að maðurinn hafi beitt barnabörn sín kynferðislegu ofbeldi um langt skeið. Einn dóttursonur mannsins, frændi árásarmannsins, hefur lagt fram kæru á hendur honum og er það mál komið til ríkissaksóknara til ákærumeðferðar.

Fréttablaðið hafði áður fengið upplýsingar um að bróðir hans hefði einnig kært en svo mun þó ekki vera. Maðurinn hefur hins vegar verið ásakaður um brot gegn fleiri piltum og að sögn Gunnars Jóhannssonar hjá lögreglunni á Akureyri mun skýrast á næstu dögum hvort fleiri kærur líta dagsins ljós. **- sh**

### Úr gjörgæslu

Maðurinn lá fyrst um sinn á gjörgæsludeild með alvarlega höfuðáverka. Læknir á Sjúkrahúsinu á Akureyri sagði við Fréttablaðið í gærkvöldi að hann væri kominn á almenna deild og að líðan hans væri stöðug.

Handtekinn vegna elds á Fit:

# Einn á spítala eftir íkveikju

**LÖGREGLUMÁL Íbúi á Fit í Reykjanesbæ, dvalarstað hælisleitenda, var handtekinn í hádeginu í gær grunaður um að hafa kveikt í herbergi á annarri hæð hússins.**

**Þykkt reykjarkóf mætti lögreglu og slökkviliði við komuna á staðinn og eldtungur stóðu út um glugga. Einn íbúi var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og lagður inn vegna reykeitrunar.**

**Félagsmálayfirvöld tryggðu að aðrir íbúar hússins fengju húsaskjól.** **- sh**



**SKRÚBBAÐ OG BÓNAÐ** Mótmælendur telja að það þurfi að hreinsa út úr Hæstarétti eftir nýfallinn dóm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hæstiréttur skrúbbaður utan vegna nýlegs ofbeldisdóms:

# Mótmæltu með hreinlætisvörum

**MÓTMÆLI Um fjörutíu manns komu saman við Hæstarétt snemma í gærmorgun með moppur og annan hreinlætisbúnað til að mótmæla nýlegum dómi í máli kenndu við Vítisengla.**

**Fólkið skrúbbaði húsið utan og skilaboðin voru einföld: Að það þyrfti að hreinsa út úr Hæstarétti.**

**Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu í málinu að ofbeldi gegn konu teldist ekki kynferðisbrot þar sem gerandinn hefði ekki haft kynferðislegan tilgang með verknaðinum. Niðurstaðan hefur sætt mikilli gagnrýni.** **- sh**

# Lést í Esjunni

Konan sem lést þegar hún hrapaði á göngu í Esjunni á sunnudag hét Birna Steingrímsdóttir.



Hún var 58 ára, fædd 31. júlí 1954, hjúkrunarfræðingur og búsett í Kópavogi. Birna lætur eftir sig eiginmann, þrjú uppkomin börn og fjögur barnabörn.

Birna var í hópi rúmlega þrjátíu göngumanna þegar hún hrapaði efst í Grafardal, vestan megin við hátind fjallsins, klukkan þrjú síðdegis. Björgunarmenn komust til hennar þremur klukkustundum síðar og reyndist hún þá látin.

Aukið álag á félagsráðgjafa:

# Vanlíðan barna af völdum samfélagsmiðla

**SVÍÞJÓÐ Vanlíðan skólabarna vegna leiðinlegra samskipta á netinu er svo mikil að álag í starfi félagsráðgjafa í skólum í Svíþjóð hefur aukist, að því er kemur fram á fréttavefnum dagbladet. se. Þar er vitnað í rannsókn sem gerð var á vinnuaðstæðum 400 félagsráðgjafa í skólum.**

**Samkvæmt frásögn Lars Jonjack, félagsráðgjafa í skóla í Sundsvall, verða börnin reið og leið vegna meiðandi ummæla í samfélagsmiðlum. Hann segir foreldra verða að taka ábyrgð og reyna að sporna við þessari neikvæðu þróun.** **- ibs**

# Kýrskýrt að FBI var hér í heimildarleysi

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fellst ekki á „varnir ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara“ í máli tengdu komu FBI hingað til landsins sumarið 2011. Þeir Ögmundur Jónasson hafi komið FBI úr landi til að vernda ungan íslenskan pilt.

**LÖGREGLUMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra voru sannfærðir um að fulltrúar bandarísku alríkislögreglunnar FBI væru hér á landi í heimildarleysi sumarið 2011 að rannsaka málefni Wikileaks. Þeir komu því til leiðar að þeir færu úr landi, ekki síst til að vernda hagsmuni íslensks pilts sem FBI var komið hingað til að ræða við.



**EKKI SÁTTUR** Össur og Ögmundur voru sammála um að koma þyrfti FBI úr landi.

„Innanríkisráðherra hafði samband við mig og tjáði mér málavöxtu þann sama morgun og hann varð þess áskynja að þessir menn væru hér – og það var alveg klárt að hann hafði enga hugmynd um það fyrr,“ segir Össur um málið.

„Hann leitaði ráðlegginga hjá mér og mínum ráðuneytisstjóra og við töldum það algjörlega kýrskýrt, eins og málið var lagt upp við okkur, að FBI væri hér í heimildarleysi.

Ráðlegging okkar var mjög ljós: Við töldum að þetta væri utan við það sem rétt væri og við töldum þar að auki að drengurinn sem málið snerist um gerði sér ekki grein fyrir því hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir hann að ræða með þessum hætti hugsanlega þátttöku sína í athæfi af þessu tagi. Innanríkisráðherra var okkur algjörlega sammála,“ segir Össur.

„Þess vegna töldum við í utanríkisráðuneytinu að það bæri að koma í veg fyrir þessi samtöl, meðal annars til að vernda þennan íslenska borgara, af því samtölin áttu sér stað utan við það sem gátu talist eðlilegar heimildir. Okkur var ekki kunnugt um neina slíka beiðni, um að ræða við þennan mann.“

Ríkissaksóknari og ríkislögreglustjóri sendu frá sér samantekt um málið í gær, þar sem sagði að samstarfið hefði verið vegna grunsemda um yfirvofandi árás alþjóðlegra þrjóta á tölvukerfi Stjórnarráðsins og að rannsóknin stæði enn. Þá sagði að innanríkisráðuneytið hefði haft aðkomu að því á öllum stigum.

Össur er ekki sáttur við útskýringar embættanna. „Eins og ég skil varnir ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara í þessu máli þá líta þeir svo á að atburðirnir í ágústlok séu tengdir komu sérfræðinga hingað meira en mánuði fyrr, þegar talið var að yfirvofandi væri einhvers konar tölvuárás á íslenskar stofnanir. Ég fellst ekki á þá skýringu. Ég tel að þar sé um alls óskyldan atburð að ræða,“ segir ráðherrann.

„Það er eitt að kanna yfirvofandi árásir og viðbúnað íslenskra stofnana gagnvart þeim – við höfðum verið vöruð við því opinberlega, Kristinn Hrafnsson benti meðal annars á það hálfu ári fyrr að örygginu væri áfátt – en það er allt annað að rannsaka einhvern dreng sem taldi sig búa yfir upplýsingum sem vörðuðu Wikileaks,“ segir Össur.

Ögmundur Jónasson er staddur í Kína ásamt helstu embættismönnum innanríkisráðuneytisins og ekki náðist tal af þeim vegna málsins í gær. **stigur@frettabladid.is**

## Atburðir sumarsins 2011 í tímaröð

**20. júní 2011** FBI kemur upplýsingum til íslenskra yfirvalda um fyrirhugaða árás alþjóðlegra hakkara á tölvukerfi Stjórnarráðsins.

**23. júní** Fulltrúar FBI funda með fulltrúum ríkislögreglustjóra um málið. Ríkissaksóknara og fulltrúum forsætis-, innanríkis- og utanríkisráðuneytisins er gerð grein fyrir stöðu mála.

**4. júlí** FBI leggur fram formlega réttarbeiðni um aðstoð íslenskra yfirvalda í málinu. Beiðnin er send innanríkisráðuneytinu.

**6. júlí** Ráðuneytið framsendir erindið til ríkissaksóknara, sem sama dag sendir ríkislögreglustjóra það.

**7. júlí** FBI óskar eftir að fulltrúar íslensku lögreglunnar komi til fundar í Bandaríkjunum vegna nýrra upplýsinga sem varða Ísland.

**11. júlí** Þrír fulltrúar ríkislögreglustjóra fara vestur um haf, að höfðu samráði við innanríkisráðuneytið.

**23. ágúst** Íslensk lögregla fær vitneskju um að íslenskur maður hafi gefið sig fram við bandaríska sendiráðið og óskað eftir að koma á framfæri upplýsingum til bandarískra yfirvalda um málið. FBI óskar í kjölfarið eftir aðstoð íslenskrar lögreglu og að fá að koma til landsins og ræða við manninn. Ríkissaksóknari er upplýstur um beiðni FBI.

**24. ágúst** Ríkissaksóknari hefur samband við innanríkisráðuneytið og gerir grein fyrir stöðunni. Fundur er haldinn hjá ríkissaksóknara með þátttöku fulltrúa ríkislögreglustjóra og innanríkisráðuneytisins. Ákveðið er að heimila komu fulltrúa FBI til landsins. Þeir koma til landsins að kvöldi sama dags.

**25. ágúst** Fulltrúar FBI og saksóknarar funda um morguninn með ríkissaksóknara og fulltrúum ríkislögreglustjóra. Ákveðið er að íslenska lögreglan og FBI fundi með manninum. Síðar um daginn, um það leyti sem fundurinn á að eiga sér stað, er þeim tjáð að aðgerðin falli utan við réttarbeiðnina. Ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins skipar íslensku lögreglumönnunum að hætta við þátttöku í henni og boðar þá til fundar þar sem sú krafa er ítrekuð.

**26. til 30. ágúst** FBI ræðir við manninn án aðkomu íslenskrar lögreglu.

**30. ágúst** Fulltrúar FBI segja fulltrúum ríkislögreglustjóra að sendiráði Bandaríkjanna hafi verið tjáð sú ósk utanríkis- og innanríkisráðherrans að þeir hætti viðræðum sínum við manninn og að vera þeirra hér sé óæskileg. Þeir yfirgefa svo landið.

*Heimild: Samantekt ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara*


# AUKAAÐALFUNDUR

Aukaaðalfundur AFS á Íslandi verður haldinn miðvikudaginn 20. febrúar nk. kl. 17.15 í húsnæði samtakanna, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík.

Fundarefni:
- Breytingar á samþykktum félagsins
- Tillaga um framlag AFS á Íslandi til Hollvinasamtaka AFS á Íslandi
- Önnur mál

Ingólfsstræti 3, 2. hæð · 552 5450 · www.afs.is

AFS á Íslandi




# FENGU ÖLL DRAUMASTARFIÐ EFTIR KERFISTJÓRABRAUT NTV

## Morgun- eða kvöldnám með vinnu




## Kerfisstjórabraut NTV



371 stundir - 524.000 - Byrja 6. og 7. mars

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, bilanagreiningu og viðgerðum á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

NTV hefur boðið upp á Kerfisstjóranám frá 2008 og hefur námið skilað nemendum mjög góðum árangri varðandi vinnu og er orðið viðurkennt á markaðinum.

Flestir kennarar eru með alþjóðlega vottun, Microsoft Certified Trainer, og allir með mikla reynslu úr atvinnulífinu. Þeir nemendur sem ljúka þeim 3 alþjóðlegu prófum sem innifalin eru í námskeiðsgjaldinu fá gráðuna Microsoft Certified Solutions Associate (MCSA).

Nemendur geta að þessari námsbraut lokinni bætt við sig CCNA og Microsoft Exchange Server námi hjá NTV og fá þá 20% afslátt af þessum tveimur námskeiðum.

Ég valdi kerfisstjóranámið þar sem mig langaði að vinna við þetta og komast betur inní tæknigeirann og áður en náminu lauk var ég kominn með starf hjá einu stæðsta Upplýsingatækni fyrirtæki landsins.

Snorri Þórðarson (tæknimaður), fyrrverandi nemandi í Kerfisstjóranámi

Kerfisstjóranámið er frábært nám í alla staði og hefur aukið mánaðarlegu innkomuna þó nokkuð.

Agnar Rink (sjálfstætt starfandi), fyrrverandi nemandi í Kerfisstjóranámi

Ég fór í Nám hjá NTV á braut sem nefnist Kerfisstjóri. Nánast um leið og námi lauk var ég kominn með vinnu sem Kerfisstjóri hjá flottu fyrirtæki með 100 starfsmenn. Ég mæli hiklaust með námi hjá NTV.

Jón Ingi Þórarinsson (Kerfisstjóri), fyrrverandi nemandi í Kerfisstjóranámi

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

**ntv**

## GENGIÐ 04.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 198,30 | 199,26 |
| Sterlingspund | 126,52 | 127,26 |
| Evra | 171,11 | 172,07 |
| Dönsk króna | 22,934 | 23,068 |
| Norsk króna | 23,010 | 23,146 |
| Sænsk króna | 19,944 | 20,060 |
| Japanskt jen | 1,3549 | 1,3629 |
| SDR | 193,87 | 195,03 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 231,8559

Konur óttast mun frekar um fjárhagslega afkomu sína en karlar samkvæmt nýrri skoðanakönnun:

# Fjórðungur óttast um fjárhagslega afkomu

**KÖNNUN** Rúmur fjórðungur landsmanna óttast um fjárhagslega afkomu sína, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 26,4 prósent óttast mjög eða frekar mikið um fjárhagslega afkomu sína, en 64,4 prósent mjög eða frekar lítið.

Konur óttast mun frekar um fjárhagslega afkomu sína en karlar. Alls sögðust 29,4 prósent kvenna óttast um afkomu sína, en 23,3 prósent karla. Þá sögðust 27,5 prósent íbúa landsbyggðarinnar óttast um fjárhagslega afkomu sína samanborið við 25,9 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Nokkur munur er á afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það styður. Um 28,8 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins óttast um fjárhagslega afkomu sína og 25 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokks. Um 22 prósent þeirra sem styðja Bjarta framtíð óttast um eigin afkomu, 18,9 prósent Samfylkingarfólks og 14,3 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna. Við framkvæmd könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var hringt í 1.382 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki. Hringt var miðvikudaginn 30. janúar og fimmtudaginn 31. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Óttast þú um fjárhagslega afkomu þína? Alls tóku 98,4 prósent þeirra sem tóku þátt afstöðu til spurningarinnar. - bj



HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 30. OG 31. JANÚAR 2013

## HEIMURINN




### Grænlendingar ganga til kosninga

**1** **GRÆNLAND** Kuupik Kleist, formaður grænlensku heimastjórnarinnar, hefur boðað til kosninga í Grænlandi þann 12. mars. Áður hafði verið sagt að kosningar yrðu haldnar fyrir 2. júní.

Heimastjórnin vill gera alþjóðlegum fyrirtækjum kleift að stunda vinnslu á auðlindum landsins en danska þingið á enn eftir að fjalla um lögin sem heimila þetta og ákveða hvort þau verði samþykkt eða ekki. Í kosningunum í mars mun nýr flokkur, Inúítaflokkurinn, bjóða fram, en flokkurinn vill halda þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

### Morðingja bandarískrar konu leitað

**2** **TYRKLAND** Bandarísk kona sem fannst myrt í Istanbúl í Tyrklandi um helgina lést vegna höfuðáverka. Konan, Sarai Sierra, átti flug frá Istanbúl til New York þann 21. janúar en mætti ekki í flugið. Lík hennar fannst svo tólf dögum síðar.

Lögreglan leitar enn að vísbendingum þar sem konan fannst með hjálp hunda. Morðingjans er enn leitað. Um tólf manns hafa verið yfirheyrðir vegna málsins en öllum nema þremur hafði verið sleppt í gær.

### Mótmælandi lést af sárum sínum

**3** **EGYPTALAND** Stjórnarandstæðingar í Egyptalandi segja að lögregla hafi pyntað einn þeirra til dauða. Málið er nýjasta dæmið um ætlað harðræði lögreglunnar gegn mótmælendum. Mohammed el-Gindy, 28 ára aðgerðasinni, lést af sárum sínum á spítala í gærmorgun. Hans var saknað eftir mótmæli þann 27. janúar síðastliðinn á Frelsistorginu í Kaíró.



Fleiri en 60 hafa látist í mótmælunum sem hófust 24. janúar, þegar tvö ár voru liðin frá upphafi uppreisnarinnar gegn Hosni Mubarak.

## HALDIÐ TIL HAGA

Í Fréttablaðinu í laugardaginn kom fram að Skoda Octavia hafi verið mest seldi fólksbíll hér á landi á síðasta ári og Toyota Yaris í öðru sæti. Þess ber að geta að þegar sölutölur Toyota Yaris og Toyota Yaris Hybrid eru lagðar saman er Yaris í efsta sæti með 522 selda bíla samanborið við 495 Skoda Octavia-bíla.

# Féllu á fíkniefnaprófi og misstu skiprúmið

**Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum rak ellefu sjómenn sem féllu á fíkniefnaprófi. Spurning um öryggi segir framkvæmdastjórinn. Gera á lyfjapróf á öllu starfsfólki Vinnslustöðvarinnar sem áður hafði samþykkt að gangast undir slíkar rannsóknir.**

**ATVINNUMÁL** „Þegar kemur að öryggi á sjó og í landi er klárt að allir þurfa að vera allsgáðir,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Ellefu sjómönnum af þremur skuttogurum fyrirtækisins var sagt upp störfum eftir að þeir féllu á lyfjaprófi.

Sigurgeir segir að fyrir um einu og hálfu ári hafa verið farið í gegnum ýmis starfsmannamál hjá Vinnslustöðinni, þar á meðal mál tengd notkun fíkniefna. Ný stefna hafi þá verið mörkuð.



SIGURGEIR B. KRISTGEIRSSON.

„Við gripum til aðgerða í síðustu viku og um helgina sem leiddu til þess að við sögðum upp starfsmönnum vegna brota á reglum um meðferð fíkniefna,“ upplýsir Sigurgeir. Hann vill ekki segja nánar frá málinu en staðfestir þó að mennirnir hafi verið látnir undirgangast fíkniefnapróf. „Þetta eru viðkvæm málefni sem við ætlum ekki að tjá okkur meira um.“

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mega starfsmenn í öllum öðrum deildum Vinnslustöðvarinnar eiga von á því að verða sendir í fíkniefnapróf. Meðal annars á eftir að athuga áhafnir tveggja af alls sjö skipum félagsins. Allir starfsmenn hafa skrifað undir yfirlýsingu um að fyrirtækinu sé heimilt að láta gera slíka próf.



**DRANGAVÍK VE** Um helmingur áhafnar skuttogarans Drangavíkur féll á fíkniefnaprófi og var strax látinn taka pokann sinn. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Bæði voru yfirmenn og undirmenn í hópnum sem fékk reisupassann. Meðal þess sem mældist voru ópíumefni, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Fimm sjómannanna eru af Drangavík VE og er það um helmingur áhafnar þess skips. Síðan voru þrír af Jóni Vídalín VE og þrír af Brynjólfi VE. Nokkrir þessara manna leituðu til Sjómannafélagsins Jötuns í gær til að kanna rétt sinn í málinu.

„Samkvæmt sjómannalögum er þetta bannað þannig að við getum óskaplega lítið gert í þessu. Neysla eiturlyfja er náttúrulega lögbrot og mönnum var kynnt í sumar og í haust að það stæði til að gera þessi próf,“ segir Valmundur Valmundarson, formaður Jötuns, sem kveður Persónuvernd hafa gefið sína heimild.

> **Samkvæmt sjómannalögum er þetta bannað þannig að við getum óskaplega lítið gert í þessu.**
>
> *Valmundur Valmundarson, formaður Sjómannafélagsins Jötuns.*

Sumir þeirra sem féllu á lyfjaprófinu rengja niðurstöðuna. Að sögn Valmundar fara sýnin því öll að kröfu Jötuns til skoðunar á rannsóknarstofu Háskóla Íslands. „En þessi próf eiga að vera 99,99 prósent örugg,“ bendir formaður Jötuns á. Hann kveðst sjálfur vera gamall skipstjóri. „Ég myndi ekki kæra mig um að hafa menn undir áhrifum fíkniefna eða áfengis um borð hjá mér.“ gar@frettabladid.is




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Gengur í SA-3-13 m/s V-til síðdegis.




**Fimmtudagur**
5 -10 m/s

**KÓLNAR** í veðri til morguns. Bjart og rólegt í fyrramálið um allt land en hvessir V-til síðdegis með snjókomu þar annað kvöld. Frost að 12 stigum í innsveitum á morgun en dregur úr frostinu fram á fimmtudag.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Billund | 2° | Gautaborg | 2° | London | 6° | Orlando | 24° | San Francisco | 15° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 16° | Ósló | 1° | Stokkhólmur | 1° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 5° | Las Palmas | 21° | New York | 1° | París | 7° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# Stór plús fyrir fjölskylduna




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 62594 01/13

## Prius+

Prius+ er glæsilega hannaður 7 manna fjölskyldubíll, rúmgóður og hagkvæmur. Hybrid Synergy Drive kerfið hentar einstaklega vel í borgarakstur. Hann er auk þess hlaðinn snjöllum tækninýjungum, bæði fyrir ökumenn og farþega. Prius+ er fjölskylduvænn afrakstur 15 ára þróunarsögu þar sem strangar kröfur um notagildi og sparneytni leggja línurnar. Notar aðeins frá 3,8 lítrum á hundraðið.

Verð frá 6.320.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir framlag Íslands til Eurovision-keppninnar í Svíþjóð?
**2.** Hver er nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar?
**3.** Yfir hverju hefur nýlega verið kvartað til Neytendasamtakanna?

**SVÖRIN**

**1.** Ég á líf. **2.** Árni Páll Árnason. **3.** Að merkingu erfðabreyttra matvæla sé ábótavant.

Bjarni Ármannsson kveðst hissa á ákæru sérstaks saksóknara:

# Bjarni ákærður fyrir skattsvik

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Bjarna Ármannssyni, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, fyrir skattsvik á árunum 2007 til 2009. Alls sveik hann rúmar tuttugu milljónir undan skatti á þessu tímabili, að því er fram kemur í ákærunni.

Í ákærunni, sem er fyrir „meiriháttar brot á skattalögum,“ eru talin upp fimm sjálfstæð brot, sem snúast um að hann hafi látið undir höfuð leggjast að telja fram hagnað af sölu hlutabréfa í fyrirtækinu Sjávarsýn, arðgreiðslur af hlutabréfum í E-Trade Securities LLC, vaxtatekjur af viðskiptum hjá sama félagi og vegna danskra og breskra bankareikninga, og síðast en ekki síst vegna gjaldmiðlaskiptasamninga.

Heildartekjur hans af öllum þessum viðskiptum námu 205 milljónum á tímabilinu, að því er segir í ákæru, og af þeim bar að greiða fjármagnstekjuskatt, samtals 20,5 milljónir.



BJARNI ÁRMANNSSON

Í yfirlýsingu frá Bjarna viðurkennir hann að mistök hafi verið gerð við skattframtalið en að þau hafi verið leiðrétt og hann greitt skattinn. Ákæran komi honum því verulega á óvart. **- sh**

Neytendastofa skoðar bari:

# Sjússar og glös í ólagi á börum

**NEYTENDUR Sjússamælar og vínglös voru ómerkt eða ekki vottuð með viðeigandi merkjum hjá öllum tuttugu vínveitingahúsunum og innflytjendum sem Neytendastofa kannaði fyrir stuttu.**

**Tilgangur könnunarinnar var að athuga hvort veitingahús færu eftir reglum um vínmál sem notuð eru til að mæla skammta áfengis sem ætlað er til sölu. Stofnunin mun fylgja þessari könnun eftir og fara fram á að úr þessum málum verði bætt. - sv**






**Í KOLGRAFAFIRÐI** Nú hefur gríðarlegt magn síldar drepist í firðinum í tvígang. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vill vöktun á lífríki

Umhverfisráðherra leggur til að fjármagni verði veitt til vöktunar og rannsókna vegna síldardauðans í Kolgrafafirði. Grunnskólanemar fara í dag til að tína upp síld af fjörum. Síldardauðinn mun hafa áhrif á aflaráðgjöf fyrir næstu vertíð.

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, leggur á fundi ríkisstjórnarinnar í dag til að auknu fjármagni verði veitt til þess að vakta og halda utan um rannsóknir í tengslum við endurtekinn síldardauða í Kolgrafafirði á Snæfellsnesi.

Í desember síðastliðnum er talið að um 30 þúsund tonn af fiski hafi drepist í firðinum og svo aftur þúsundir tonna síðasta föstudag.

„Við gerum ráð fyrir að veita fjármagni í að vakta þetta ástand betur og meta þörf og möguleika á mótvægisaðgerðum,“ segir Svandís.

Hafrannsóknastofnunin vinnur að því að meta hversu umfangsmikill síldardauðinn hafi verið núna í byrjun mánaðarins. Þá hefur Umhverfisstofnun og Náttúrustofa Vesturlands einnig sett upp vöktunar- og eftirlitsáætlanir. „Og það sem við veltum nú fyrir okkur er að umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti muni halda utan um vöktunaráætlunina, til þess að tryggja reglulega upplýsingagjöf og síðan að halda utan um skýrslu um málið frá upphafi til enda, bæði viðbrögð og vöktun,“ segir Svandís og bætir við að síldardauðinn í firðinum sé einstakur viðburður og því mikilvægt að fylgjast mjög vel með þróun mála. „Núna eru fram undan þessir mánuðir þegar fuglinn fer að koma og verður mjög mikilvægt að fylgjast með því hvort þessi viðburður hafi áhrif á fuglalífið og lífríkið allt þegar það fer að lifna meira með vorinu.“

Heimamenn gera hreinsunarátak í dag en í bítið munu krakkar úr 5.-10. bekk grunnskólans á Grundarfirði, og reyndar fleiri, halda upp í Kolgrafafjörð til að handtína síld úr fjörunni.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar, segir þetta einu leiðina til að bjarga þeim verðmætum sem liggja í fjörunni, tækjum verði ekki viðkomið. „Þetta verður notað í minkafóður og er tilraun til að draga úr grútarmengun, sem er orðin hrikaleg nú þegar. Síðan tekur fyrirtækið Skinnfiskur í Sandgerði síldina og krakkarnir geta notað peningana í félagsstarf.“

> **Þetta verður notað í minkafóður og er tilraun til að draga úr grútarmengun, sem er orðin hrikaleg nú þegar.**
>
> *Sigurborg Kr. Hannesdóttir, forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar*

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, sagði í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar í gær einboðið að aflaráðgjöf stofnunarinnar í síld yrði töluvert lægri vegna síldardauðans í Kolgrafafirði. Þorsteinn sagði síldardauðann í Kolgrafafirði einstakan á heimsvísu.

olikr@frettabladid.is
svavar@frettabladid.is




Þingmenn gagnrýna norsk stjórnvöld vegna framkomu við Íslendinga:

# Biðjist afsökunar vegna Icesave

**NOREGUR** Per Olaf Lundteigen, þingmaður Miðflokksins í Noregi, og Dagfinn Høybråten, þingmaður Kristilega þjóðarflokksins í Noregi, vilja að norsk stjórnvöld biðjist afsökunar vegna framkomunnar við Íslendinga í Icesave-málinu.

Þeir gagnrýna ummæli Rogers Schjerva, ráðuneytisstjóra í norska fjármálaráðuneytinu, um að dómur EFTA-dómstólsins í Icesave-málinu hafi einnig verið sigur fyrir Noreg, að því er segir í frétt á vef Nationen. Þar kemur fram að Schjerva hafi sagt Noreg verið besta vin Íslands í málinu.



PER OLAF LUNDTEIGEN MYND/SENTERPARTIET



DAGFINN HØYBRÅTEN MYND/ANNE BRÅTVEIT

Lundteigen og Høybråten segja fjármálaráðuneytið túlka þátt sinn í málinu frjálslega. Þeir taka fram að norsk stjórnvöld hafi ekki reynst Íslendingum vel þegar hrunið varð 2008. Norsk stjórnvöld hafi skipað sér í hóp með öðrum norrænum ríkjum, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusambandinu gegn Íslandi. Lundteigen segir að Norðmenn hafi átt að gera eins og Færeyingar og Pólverjar og veita Íslendingum tvíhliða lán til þess að styðja þá.

Haft er eftir Høybråten að það hafi sýnt sig að kröfurnar sem gerðar voru til Íslands hafi verið óraunhæfar. Norðmenn verði að læra af því. **- ibs**




**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535




Verkefnamiðlun.is á að bæta tengslin milli skólanna og atvinnulífsins:

# Nemendur vinni fyrir fyrirtæki

**NÝSKÖPUN** Efla á tengsl skóla og atvinnulífs með framtakinu Verkefnamiðlun, sem Íslenski sjávarklasinn stendur að. Opnaður hefur verið vefurinn verkefnamidlun.is, en þar geta fyrirtæki skráð verkefni sem þau óska eftir nemendum til að sinna. Þegar eru í boði um 50 verkefni af ýmsu tagi.

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, segir með framtakinu brugðist við áhuga bæði skóla og atvinnulífsins á að bæta tengsl þar á milli.


ÞÓR SIGFÚSSON

Fyrsta kastið er áhersla lögð á verkefni tengd hafinu og nýsköpun en vefurinn er þó opinn fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum.

„Ég hvet nemendur alveg sérstaklega til að skrá sig þarna inn á vefinn,“ segir Þór og kveðst vonast til þess að á endanum verði þarna til ein verkefnamiðlun fyrir atvinnulífið allt.

Hann segir verkefnið hafa verið kynnt í norrænu samstarfi og mikill áhugi sé fyrir því bæði í Færeyjum og Danmörku að setja upp verkefni með það sem fyrirmynd. „Þeir hafa óskað eftir hugbúnaðarfyrirtækjunum sem hafa aðstoðað okkur hér heima.“

Verkefnið verður kynnt nemendum formlega á morgun á Framadögum sem haldnir verða í Háskólanum í Reykjavík. - óká

# Íslendinga að ákvarða samband sitt við ESB

Hannes Swoboda, leiðtogi jafnaðarmanna á Evrópuþinginu, segir það alfarið ákvörðun Íslendinga hvort og hvernig þeir vilji haga aðildarviðræðunum að ESB. Swoboda var staddur á Íslandi um helgina og Fréttablaðið tók hann tali.

**EVRÓPUMÁL** Leiðtogi jafnaðarmanna, næststærsta þingflokks Evrópuþingsins, segir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að hægja á aðildarviðræðunum við Evrópusambandið (ESB) engin áhrif hafa á viðræðurnar. Þá er hann sannfærður um að hægt sé að finna lausn á makríldeilunni sem allir deiluaðilar sætta sig við.

Swoboda var staddur hér á landi um helgina en hann ávarpaði landsfund Samfylkingarinnar á laugardag undir dagskrárliðnum „Tölum um tækifærin, atvinnu- og menntamál innan ESB“. Fréttablaðið ræddi við Swoboda af þessu tilefni.

Ríkisstjórnin ákvað á dögunum að hægja á aðildarviðræðum Íslands við ESB og verða því engir nýir kaflar opnaðir í samningaviðræðunum þar til eftir þingkosningarnar í vor. Þá benda skoðanakannanir til þess að þó nokkrar líkur séu á því að flokkar sem eru á móti aðild að ESB myndi ríkisstjórn eftir kosningarnar. Hefur þessi staða einhver áhrif á aðildarviðræður Íslands að sambandinu frá ESB séð?

„Ég legg mikla áherslu á að það er íslensku þjóðarinnar að taka ákvörðun um hvernig hún vill haga sambandi sínu við ESB. Ef ríkisstjórnin vill hægja á viðræðunum þangað til eftir kosningar þá er það hennar ákvörðun og ég sé ekkert vandamál við það. Ef Íslendingar kjósa ríkisstjórn sem er á móti viðræðunum þá er það líka þeirra ákvörðun. Ég held að það sé skýr vilji innan ESB til þess að Ísland gerist aðili að sambandinu en það er engin pressa af hálfu sambandsins um að það þurfi að gerast á allra næstunni,“ segir Swoboda og heldur áfram: „Þá er það ekkert leyndarmál að ESB hefur verið að glíma við sín eigin vandamál sem þarf að leysa. Ég get til dæmis nefnt mikið atvinnuleysi. Ef og þegar það tekst að leysa þessi vandamál kann að vera að ESB líti skyndilega álitlegar út bæði fyrir íbúa innan ESB og sömuleiðis íbúa þeirra ríkja sem standa utan við sambandið en myndu kannski vilja ganga í það. Það þarf því ekki að henta ESB illa að hægt sé á viðræðunum.“

Spurður um stöðu makríldeilunnar milli Íslands og Færeyja annars vegar og Noregs og ESB hins vegar segir Swoboda: „Ég er sannfærður um að það er hægt að finna lausn á deilunni sem allir geta sætt sig við. Auðvitað er áhyggjuefni að sem stendur er verið að ofveiða makrílstofninn, sem er ekki sjálfbært til lengri tíma, en ég held að deiluaðilarnir hljóti að átta sig á því að það getur ekki gengið til lengdar,“ segir Swoboda.

Að lokum óskar Swoboda Íslendingum til hamingju með dóm EFTA-dómstólsins í Icesave-málinu og bætir við að dómurinn sýni fram á að eftirlit með, og gangverkið utan um fjármálastarfsemi, þurfi að vera samræmt milli landa og þar hafi ESB hlutverki að gegna.

magnusl@frettabladid.is


**HANNES SWOBODA** Hannes Swoboda er austurrískur jafnaðarmaður sem hefur setið á Evrópuþinginu frá árinu 1996. Hann tók við sem leiðtogi jafnaðarmanna í þinginu á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ekki lengur evrukrísa

Hannes Swoboda segir að ESB sé á réttri leið þegar kemur að því að leysa fjármálakrísuna á evrusvæðinu. „Krísan snýst ekki lengur um evruna, það eru allir hættir að tala um þann möguleika að evrusamstarfið líði undir lok. Það er framför. Hins vegar er krísunni auðvitað ekki lokið því að atvinnuleysi er enn of mikið, laun of lág og hagvöxtur of lítill,“ segir Swoboda og bætir við að ESB þurfi að auka fjárfestingar í innviðum og laga kerfisgalla í hagstjórn og fjármálaeftirliti til að leysa vandann endanlega.

Fulltrúar innanríkisráðuneytis í vikuheimsókn í Peking og Sjanghæ:

# Ræða flugsamgöngur til Kína

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er nú í vikuheimsókn í kínversku borgunum Peking og Sjanghæ, ásamt aðstoðarkonu sinni, ráðuneytisstjóra og tveimur skrifstofustjórum innanríkisráðuneytisins. Heimsóknin er margþætt, en meðal annars verður rætt við kínversk yfirvöld varðandi loftferðasamninga til Kína.

Samkvæmt upplýsingum úr innanríkisráðuneytinu hefur flugfélagið Atlanta óskað eftir því að komið verði á formlegu sambandi milli ríkjanna tveggja varðandi flug og eru samræður komnar á lokastig.

Framkvæmdastjóri Atlanta er staddur erlendis en Stefán Eyjólfsson, starfsmannastjóri félagsins á Íslandi, segir kínversk flugmálayfirvöld hafa aðrar reglur en önnur Asíulönd hvað flugleyfi varðar.

„Þau leyfa ekki svokallaða „wet-lease samninga,“ það er að segja að við leigjum okkar vélar með áhöfnum til annarra,“ segir hann. „Þegar við fljúgum til dæmis fyrir Saudi Arabian Airlines leigjum við vélarnar okkar til þeirra. En við getum ekki flogið til Kína vegna þessara reglna.“ Vonast er til, með heimsókn innanríkisráðherra, að hægt verði að gera flugfélaginu auðveldara að nýta vélar sínar í þessum heimshluta og gera mögulega samninga milli Íslands og Kína í framtíðinni. - sv


**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Innanríkisráðherra dvelur nú í Kína ásamt fríðu föruneyti úr ráðuneytinu þar sem rætt verður meðal annars við stjórnvöld um samgöngur, neytendamál og ættleiðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# ÁVÍSUN Á ÁNÆGJU

**Vantar þig aðstoð?**
Hringdu í 440 2000 ef þig vantar aðstoð við að innleysa tékkann. Við erum við símann **til kl. 22 í kvöld.**

Þessa dagana færð þú ásamt 20.632 öðrum tjónlausum og skilvísum **viðskiptavinum í Stofni hluta af iðgjöldum síðasta árs endurgreidd**

ÞÚ INNLEYSIR ENDURGREIÐSLUNA ÞÍNA Á **SJOVA.IS**

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ
STOFN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-2802




Skoða hvort banna eigi hrísgrjónamjólk:

# Eitur í hrísgrjónum veldur áhyggjum

**HEILBRIGÐISMÁL** Matvælastofnun skoðar nú hvort nauðsynlegt sé að setja reglur um aldurstakmark á neyslu á hrísgrjónamjólk hér á landi þar sem of mikið magn af arseni, sem er eitraður málmungur og getur valdið krabbameini, hefur fundist í hrísgrjónadrykkjum.

Ný sænsk rannsókn leiddi í ljós að hrísgrjónaplöntur taka í sig arsen á vaxtartímanum og ná svo ekki að losa það úr fyrir uppskeru. Af þessum sökum hafa verið settar reglugerðir á Norðurlöndunum og Bretlandi þar sem aldurstakmark er sett á neyslu hrísgrjónamjólkur, allt frá þriggja til sex ára.

Zulema Sullca Porta, sérfræðingur hjá Matvælastofnun (MAST), segir ástæðu til að skoða þessar reglugerðir hér á landi. Hún býst við því að MAST gefi út viðmiðunarreglur í næstu viku þegar norrænni ráðstefnu sérfræðinga um málið er lokið.

„Hrísgrjónin virðast vera vandamálið, sérstaklega þar sem vörurnar eru markaðssettar fyrir börn. Vandamálið með hrísgrjónamjólkina er sú að lítill einstaklingur innbyrðir mögulega mjög mikið magn á hverjum degi og því getur það talist skaðlegra en aðrar vörur,“ segir hún og tekur þar hrískökur og grauta sem dæmi. „Ungabörn geta drukkið allt að hálfan lítra á dag og þess vegna hringja þessar viðvörunarbjöllur. Þetta er ekki æskilegt fyrir svona ung börn þegar mjólk er þeirra aðalfæða.“



**HRÍSGRJÓNAAKUR** Arsen myndast víða í umhverfinu og smitast í plöntur sem taka í sig mikið vatn, eins og hrísgrjónaplöntuna.

> **Fyrstu niðurstöður benda til þess að við þurfum að hafa áhyggjur af þessu**
>
> *Zulema Sullca Porta, sérfræðingur hjá MAST*

Zulema beinir til foreldra barna með mjólkuróþol að skoða aðra kosti en hrísgrjónamjólk á meðan rannsóknirnar standa yfir. „Fyrstu niðurstöður benda til þess að við þurfum að hafa áhyggjur af þessu,“ segir hún.

- sv








# Meistarakokkur á VOX

Sigurður Kristinn Laufdal Haraldsson matreiðslumaður á VOX náði á dögunum stórgóðum árangri í hinni virtu Bocuse D'Or matreiðslukeppni, en þar hafnaði hann í áttunda sæti.

Við á VOX og Hilton Reykjavík Nordica erum afar stolt af Sigurði Kristni og samstarfsfólki hans, sem hefur um árabil skarað fram úr í keppnum á innlendum og erlendum vettvangi.

Til hamingju, Sigurður Kristinn!

**Borðapantanir og nánari upplýsingar í síma 444 5050 | vox@vox.is**

Kynnið ykkur tilboð á gistingu á Hilton Reykjavík Nordica: www.hilton.is

VOX RESTAURANT

Hilton REYKJAVIK NORDICA

ENNEMM / SÍA / NM54643

ÍSLENSKUKENNSLA INNFLYTJENDA

# Aukin krafa um íslenskukunnáttu

**Innflytjendur keppa nú í auknum mæli við Íslendinga um störf. Áhersla á íslenskukunnáttu virðist hafa aukist. Þó nokkuð framboð er af íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga. Ríkið styrkir námskeiðshaldið en nemendur eiga sjálfir að borga rúmlega 30 þúsund krónur.**

„Íslenskan er lykillinn að samfélaginu og það er mikilvægt hlutverk bæði námskeiðshaldara og vinnuveitenda að hvetja fólk til þess að læra hana," segir Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Mími – símenntun. Hún segir mikilvægt að fólk sem starfar hér á landi læri íslensku.

Fjöldi innflytjenda tvöfaldaðist hér á landi á árunum frá 2004 til 2007 og í dag eru þeir um átta prósent landsmanna. Aðstæður á vinnumarkaðinum eru þó allt aðrar í dag og innflytjendur keppa í auknum mæli við Íslendinga um störf.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Guðný Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Hjúkrunarheimilinu Skjóli, hefði sent erlent starfsfólk sitt í stöðupróf í íslensku. Hún teldi að gera þyrfti meiri kröfur til íslenskukunnáttu þeirra.

Innflytjendur frá löndum utan EES sem sækjast eftir langtímadvalarleyfi hér á landi verða að hafa lokið 150 kennslustundum í íslensku. Þá er þess jafnan krafist að fólk sem sækir um ríkisborgararétt standist íslenskupróf.

**Mikið framboð**

Ríkið styrkir 23 aðila sem bjóða upp á námskeið í íslensku fyrir útlendinga, fjórtán á höfuðborgarsvæðinu og níu á landsbyggðinni.

Íslenskukennsla var fyrst styrkt árið 2007 og árið 2008 gaf menntamálaráðuneytið út námskrá þar sem fjögur fyrstu stigin í íslenskunámi eru skilgreind. Ólafur Grétar Kristjánsson, deildarsérfræðingur á skrifstofu menntamála, telur námskeiðin hagnýt fyrir innflytjendur. Ekki hafa þó verið gerðar sérstakar kannanir á árangri einstakra námskeiðshaldara.

**Koma að eigin frumkvæði**

Flestir útlendinganna leggja stund á íslenskunám hjá Mími – símenntun en á síðasta ári sóttu 1.500 manns námskeið þar. „Við erum þau einu sem kennum á sex stigum og í ljósi þess hversu mikill fjöldi sækir námskeið hjá okkur getum við mætt fólki eftir styrkleikum. Við erum með sérhæfð byrjendanámskeið fyrir þá sem hafa taílensku, víetnömsku, kínversku, pólsku eða rússnesku að móðurmáli. Þeir sem ekki eru algerir byrjendur eru sendir í stöðumat og þannig er tryggt að einstaklingar fái kennslu við hæfi," segir Hulda. Hún telur að fólk komi oftast á námskeiðin að eigin frumkvæði.

**Ólíkar nálganir**

Ekki eru allir sammála þegar kemur að samræmingu námsefnis og kennsluaðferða. Hulda segir að samræmingin milli námskeiðshaldara mætti vera meiri: „Það er oft sagt að þetta sé allt samræmt en við höfum samt lent í því að fá nemendur sem lokið hafa einhverju stigi annars staðar og ætla að taka næsta stig hjá okkur en eru ekki nógu vel undirbúnir".



**Á NÁMSBEKK** Fjöldi útlendinga stundar íslenskunám hjá Mími-símenntun.

Guðbjörg Eggertsdóttir, verkefnastjóri hjá Jafnréttishúsi, fagnar því að hægt sé að fara fjölbreyttar leiðir í kennslunni. „Áherslurnar eru ólíkar. Aðaltilgangur Jafnréttishúss er að stuðla að aðlögun innflytjenda og við leggjum mikla áherslu á hagnýtt nám, það að þjálfa færni fólks í að tala og komast inn í samfélagið." Stefnt er að því að námið sé atvinnuskapandi fyrir nemendur. Haldin eru sérstök námskeið fyrir atvinnulausa þar sem nemendur fara í heimsóknir í fyrirtæki og kynnast starfi þeirra.

„Okkur finnst mikilvægt að nemendur njóti þess að búa hérna og reynum að vekja áhuga þeirra á íslensku samfélagi," segir Guðbjörg. Hjá Jafnréttishúsi er minna lagt upp úr málfræði en hjá Mími – símenntun. Bæði Mímir – símenntun og Jafnréttishús bjóða grunnnámskeið þar sem kennarinn talar móðurmál nemendanna.

**Styrkirnir lækkuðu eftir hrun**

Ólafur Grétar segir styrkina hafa lækkað eftir hrun. Þegar verkefnið var fyrst styrkt, árið 2007, nam heildarupphæð 165 milljónum. Ári síðar var styrkurinn kominn upp í 247 milljónir. Eftir hrun drógust styrkveitingar saman og var hann lægstur árið 2010 eða 93 milljónir. Á síðasta ári var 131 milljón króna varið til verkefnisins.

Spurð hvort styrkveitingar frá ríkinu séu nægar sagði Hulda að síðastliðin ár hefðu fjárframlög farið lækkandi. „Við hvetjum fólk til að læra íslensku en því er ekki gert auðvelt fyrir. Það er töluverður biti fyrir einstakling að borga 34 þúsund krónur fyrir 60 stunda nám," segir Hulda. Þeir sem eru skráðir í stéttarfélag geta fengið hluta gjaldsins endurgreiddan.

Guðbjörg segist ekki mundu slá hendinni á móti hærri styrk. „Gaman væri að geta gert námið á seinni stigunum sérhæfðara og tengdara atvinnulífinu, við höfum lagt áherslu á ferðaþjónustu en viljum gjarnan tengja námið fleiri greinum."

**Marga skortir þolinmæði**

Hulda segir Íslendinga þurfa að vera duglegri við að gefa fólki tækifæri til að tala íslensku. „Það er ákveðinn skortur á þolinmæði gagnvart fólki sem er að læra. Oft þegar það talar íslensku er það ávarpað á ensku til baka og það finnst því mjög slæmt," segir hún.

- ah

## Mikilvægt að kunna íslensku



**➜ Agnieszka Magdalena Ciebien,**
starfsmaður á Grund

„Ég kom til Íslands árið 2007 og fékk strax vinnu á Grund. Ég fór á námskeið sem var haldið á vinnutíma og það hjálpaði mjög mikið. Svo hef ég líka farið á námskeið hjá Mími. Ég skil ekki allt en ég er fljót að læra af því sem ég heyri. Ég læri líka mikið af að spjalla við gamla fólkið." Agnieszka á mann og barn hér en stórfjölskyldan er í Póllandi. „Ég er ekki alveg viss um hvort ég fer aftur til Póllands, ég sakna auðvitað fjölskyldunnar en mér líður vel hér og langar að vera áfram."



**➜ Nichada Tanuttunya,**
starfsmaður á Tokyo sushi

Ég er nýlega komin til landsins og það er ekki auðvelt að læra íslensku. Núna læri ég aðallega með því að skoða síður á netinu. Ég ætla að skrá mig í Háskólann og læra íslensku þar. Nú er ég farin að vinna á Tokyo sushi í Krónunni og mig langar að geta talað við fólkið sem kemur. Svo er maðurinn minn íslenskur og fjölskyldan hans talar núna bara við mig á íslensku.



**➜ Linda Lek Thieojanthuk,**
eigandi verslunarinnar Mai Thai

„Ég er búin að búa á Íslandi í 24 ár og fór á námskeið fyrir mörgum árum. Mér fannst erfitt að tala þá en það er allt í lagi núna. Núna er erfiðara að fá vinnu. Ég þekki stúlku sem er búin með þriggja ára hárgreiðslunám en fær samt ekki vinnu. Hún talar íslensku en ekki nóg finnst þeim."


*Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:*

**Tölvunám sem gefur forskot**

Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er elsti tölvuskólinn á Íslandi og meira en 43.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 27 árum. Farðu á vefsíðuna okkar eða hringdu í okkur og fáðu nánari upplýsingar um námið. Bókaðu þig sem fyrst til að tryggja þér sæti!

**Bókhaldsnám**
Hagnýtt bókhald I
Hagnýtt bókhald II
Excel grunnur fyrir bókhaldsnema

**Almenn tölvunámskeið**
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: Fyrir lengra komna
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel II: Framhaldsnámskeið
Excel III: Fjölvar og forritun
Excel Pivottöflur
Excel gagnagrunnar og listar
Fingrasetning - tölvuvélritun
Outlook póstur, dagbók og verkefni
Outlook fyrir lengra komna
PowerPoint, glærugerð og - notkun
Word almenn ritvinnsla
Word II fyrir lengra komna
Vinnsla langra skjala með Word
Word: Markpóstur
Windows 7 fyrir byrjendur

**Forritun og kerfisstjórnun**
Grunnám í forritun
Nútíma vefforritun, HTML og JQ
Gagnagrunnsfræði

**Snjalltæki og Internet**
Internetið - upplýsingalind og skemmtun
Facebook fyrir byrjendur
Spjaldtölvur - iPad
Spjaldtölvur - Android

**Vefur, grafík og margmiðlun**
DreamWeaver vefsíðugerð
DreamWeaver og Photoshop
DreamWeaver, Photoshop og Flash
Joomla vefsíðugerð
Joomla og Photoshop
Flash margmiðlun
Photoshop myndvinnsla

**Ljósmyndun og myndbandagerð**
Stafræn ljósmyndun
Ljósmyndavinnsla með Picasa
Ljósmyndavinnsla með Photoshop Elements
Stafræn myndbandagerð

**Almennt tölvunám**
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám stutt

**Tölvunám fyrir 50+**
Tölvunám fyrir 50+
Tölvunám fyrir 50+ stutt

**Verkefnastjórnun**
Hagnýt verkefnastjórnun
Grunnur góðrar verkefnastjórnunar
PRINCE2 verkefnastjórnunaraðferðin
Microsoft Project verkefnastjórnun
Hugarkort - XMind

*Tölvuskóli TV í fremstu röð frá 1986*
*Hringdu í 520 9000 eða*
*Skoðaðu nánar á www.tv.is*

SELECT PEARSON VUE-Authorized Test Centre
PROMETRIC TEST CENTRE
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | tv@tv.is www.tv.is

# DEWALT HÖRKUTÓL
## á heima hjá Sindra



10,8V Hleðsluborvél
Patróna 10mm
LED Ljós
Rafhlaða:2 x 1,5Ah Li-Ion
Þyngd: 1,1Kg
Gírar:2

**KR. 35.900.-**



18V Hleðsluborvél
Patróna 13mm
Rafhlaða 2* 1,5Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla 60 Nm
Þyngd 1,55kg
Gírar 2

**KR. 49.900.-**



Hleðsluborvél 18V
Patróna:13mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah Li-Ion
Led ljós
Hersla:60Nm
Þyngd 1,84kg
Gírar:2

**KR. 59.900.-**



3 Línu laser
Sjálfstillandi
Þyngd: 0,8kg
4 x AA rafhlöður
Nákvæmni
+/- 0,3mm/m
Sterk taska fylgir

**KR. 79.900.-**



Slípirokkur
Afl : 1400W
Fyrir 125mm skífur
Snú/min: 10.000
Þyngd: 2,5kg

**KR. 19.900.-**



2 línu laser
Sá allra vinsælasti.
Virkar núna á
mótttakara
Þyngd: 0,46kg
3 x AA rafhlöður
Veggfesting
Nákvæmni +/- 0,3m

**KR. 39.900.-**



Höggborvél með
meitlun.
Max bor:26mm
Afl:800W,
Kraftur:0-3,4 J
Sn/min:0-1150
Þyngd:2,9kg

**KR. 39.900.-**



Stingsög 701w
4 stillingar á blaði
Blástur frá blaði
26mm slaglengd
Þyngd 2,8 kg

**KR. 39.900.-**



Hleðsluútvarp
Hleður 7,2-18V Li-Ion
Tengi fyrir
MP3+CD
USB Hleðsla

**KR. 45.900.-**

SINDRI

Viðarhöfði 6 - Reykjavík | Bæjarhraun 12 - Hafnarfirði
www.sindri.is | sími 575 0000

# SKOÐUN

Fjórða atrennan að breytingum á fiskveiðistjórn:

## Nýtt frumvarp, sömu hugmyndir

Enn eitt kvótafrumvarpið hefur litið dagsins ljós. Það sem nú hefur verið lagt fram er fjórða atrenna ríkisstjórnarinnar að umfangsmiklum breytingum á stjórnkerfi fiskveiða; Jón Bjarnason lagði fram eitt frumvarp og ein frumvarpsdrög og Steingrímur J. Sigfússon leggur nú fram annað frumvarp sitt um málið.

Ráðherrann hefur látið í það skína að með frumvarpinu sé komið til móts við ýmsa gagnrýni á síðasta frumvarp. Við fyrstu sýn virðast breytingar á því aðallega vera til þess hugsaðar að sefa gagnrýnisraddir í stjórnarflokkunum, sem töldu að ekki væri nógu langt gengið í skemmdarverkum á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Þau þrjú plögg, sem á undan þessu komu, hafa öll fengið sömu gagnrýnina, bæði frá talsmönnum sjávarútvegsins og óháðum sérfræðingum, innlendum og erlendum. Hún felst ekki sízt í því að með öllum frumvörpunum séu veiðiheimildir teknar af fólki sem hefur nýtt þær með hagkvæmum hætti og færðar til óhagkvæmari nota; í byggða-, línuívilnunar-, strandveiði- og leigupotta. Með þessu sé dregið úr skilvirkni og hagkvæmni í fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Í nýja frumvarpinu virðist nánast ekkert komið til móts við þessa gagnrýni, nema þá helzt í því að dregið er úr takmörkunum á framsali aflaheimilda. Allt pottasukkið stendur í grundvallaratriðum óhaggað. Gert er ráð fyrir að nýtingarleyfi útgerðarinnar séu til 20 ára, en svo á að stofna nefnd um framhaldið. Þannig er útgerðin enn einu sinni skilin eftir í óvissu um framtíðina og þar með unnið gegn framtíðaruppbyggingu og fjárfestingu í greininni.

Það er hægt að ná sátt um þrjú grundvallaratriði í fiskveiðistjórnuninni; að skýrt sé kveðið á um þjóðareign á auðlindunum í lögum og stjórnarskrá, að aflaheimildirnar feli í sér nýtingarrétt en ekki eignarrétt og að þjóðin fái eðlilegan afrakstur af eign sinni. Með hækkun veiðileyfagjaldsins hefur síðastnefnda atriðið verið tryggt – og sennilega gengið heldur langt í gjaldtökunni. Um hin atriðin er í raun ekki pólitískur ágreiningur. En slíka sátt kýs ríkisstjórnin ekki.

Einmitt til þess að tryggja þjóðinni arð af auðlindinni ættu stjórnvöld nú að kappkosta að viðhalda hagkvæmu og skilvirku fiskveiðistjórnunarkerfi. Þess í stað kjósa þau að láta gagnrýni atvinnugreinarinnar sjálfrar og óháðra sérfræðinga sem vind um eyrun þjóta og grafa undan getu sjávarútvegsins til að standa undir gjaldtökunni. Alls konar delluhugmyndir, sem rötuðu inn í upphaflegt frumvarp Jóns Bjarnasonar, komast bara alls ekki út úr málinu aftur.

Frumvarp atvinnuvegaráðherra er svo seint fram komið að ólíklegt er að það verði að lögum fyrir kosningar. Sem er út af fyrir sig ágætt. Það er því líkast til fremur hugsað sem kosningaplagg. Kjósendur sem vilja sterkan sjávarútveg sem stendur undir raunverulegri verðmætasköpun ættu ekki að láta blekkjast af þessum hugmyndum, sem í raun hafa margoft verið skotnar niður nú þegar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

LJÁÐU OKKUR EYRA

ÁRLEG TÓNLEIKARÖÐ SEM NOTIÐ HEFUR MIKILLAR HYLLI FRÁ ÞVÍ Í OKTÓBER 2009

Hádegistónleikar í Fríkirkjunni
alla miðvikudaga í vetur
frá kl. 12:15 til 12:45



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

FRÁ 6. FEBRÚAR TIL 10. APRÍL

Vikulegar óvissuferðir með mörgum af fremstu tónlistarmönnum landsins undir listrænni stjórn Gerrit Schuil.

Vinsamlegast athugið: Aðgangseyrir 1000 kr. Ekki er tekið við greiðslukortum.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nú þarf skýr svör

Mál bandarísku lögreglumannanna sem komu hingað til lands haustið 2011, sem fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur skilmerkilega greint frá, er hið skrýtnasta. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist hafa frétt af hingaðkomu þeirra 25. ágúst og krafist þess að öllu samstarfi við þá yrði hætt. Utanríkisráðuneytið hafi síðan gengið í málið, að sögn Ögmundar, og lögreglumennirnir horfið af landi brott. Nú hefur ríkislögreglustjóri hins vegar sent frá sér yfirlýsingu þar sem segir að ráðuneytin tvö hafi ekki haft samband fyrr en 30. ágúst og lýst nærveru bandarísku lögreglumannanna óæskilega. Nú þarf Ögmundur að gefa skýr svör um málið.

### Kínverska kjördæmið

Til eru þeir sem eru svo staðnaðir í pólitískum þroska að þeir nota merkimiða eins og kommúnista yfir andstæðinga sína. Þeir gætu kannski gert sér mat úr þeirri staðreynd að Ögmundur er staddur í Kína, en þessa vikuna er hlé á störfum Alþingis svo þingmenn geti sinnt kjördæmum sínum. Það þarf hins vegar að vera af hinum eðla þjóðflokki gárunga til að tengja utanför Ögmundar og skyldur hans í kjördæmi hans við hið kommúníska Kína.





### Vinaheimsókn

Að minnsta kosti einn annar þingmaður fer út fyrir landsteinana í kjördæmavikunni, en Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, heimsækir breska þingið í dag. Þar hittir hún forseta neðri málstofu, John Bercow, og víst er að næg eru umræðuefnin. Ásta Ragnheiður gæti til dæmis farið yfir Icesave-dóminn með breskum kollega sínum og útskýrt hvernig það að þjóðin felldi í tvígang samninga sem Alþingi samþykkti skilaði eins farsælli niðurstöðu og raun ber vitni. Þegar það umræðuefni þrýtur getur Ásta minnst aðeins á aðra milliríkjadeilu, um makrílkvótann. Þetta verður gaman.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR





# Sá veit er víða ratar

NÁTTÚRA



**Laila Margrét Arnþórsdóttir**
ráðgjafi

Í frumvarpi til laga um ný náttúruverndarlög er margt gott og gilt og ber að taka fagnandi. En betur má ef duga skal. Inn á milli eru gloppur sem vert er að staldra við og skoða nánar. Ég vil því hvetja fólk og félagasamtök sem telja sig málið varða að senda inn athugasemdir á vef Alþingis fyrir 8. febrúar næstkomandi. Með því mætti reyna á það samráð sem oft hefur verið bent á að viðhaft sé af hálfu stjórnvalda. Því með samráði má gera gott betra, ekki satt?

Þá er best að leita til og hlusta á þá sem kunnugastir eru málum. Það eru þeir aðilar sem árum saman hafa farið um fjöll og firnindi og þekkja því landið eins og lófann á sér. Mikilvægt er að fara ekki í manngreinarálit með hvaða hætti fólk ferðast, en þar er átt við gangandi og akandi útivistarfólk og auðvitað einnig hestamenn sem hafa margt til málanna að leggja.

Ferðafrelsi er okkur Íslendingum í blóð borið og þráin eftir því að komast út í náttúruna sterk. Okkur ber að sjá um að allir fái notið náttúrunnar, líka þeir sem vegna öldrunar, veikinda, fötlunar eða ungs aldurs geta ekki ferðast um nema til komi vélknúið ökutæki.

Á vefnum hafa verið hatrammar umræður með ásökunum um að nú eigi að nota fötlun sem átyllu til að spæna um allt á ökutækjum án ábyrgðar, umræða sem oft er lituð af misskilningi og skorti á því að geta sett sig í spor annarra. Slíkt tel ég vera umræðu á villigötum. Mikilvægt er samt að raddir allra fái að heyrast. Er það einlæg von mín að á okkur verði hlustað og samráð verði haft til úrbóta.

**➜ Ferðafrelsi er okkur Íslendingum í blóð borið og þráin eftir því að komast út í náttúruna sterk.**

Landið er sameign okkar allra og okkur ber að ganga þannig um að við skilum því eins til komandi kynslóða og við tökum við því, ef ekki enn betra. En ég spyr hvers virði er náttúran ef enginn fær að njóta hennar? Til að unna þarf að þekkja og það gerum við með því að ferðast og kynnast landinu. Of mörg boð og bönn eru sjaldnast sú leið sem vænlegust er til bóta. Veljum því frekar fræðslu og leiðsögn. Það er vænlegra að gefa sér tíma til að fara yfir málin á yfirvegaðan hátt og finna lausnir sem leiða til sátta þannig að allir geti vel við unað. Ég bið því þingmenn að skoða hug sinn áður en þeir samþykkja náttúruverndarlögin óbreytt og skora á alla að kynna sér málið á www.ferdafrelsi.is.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hjartanlega sama?

HEILSA



**Teitur Guðmundsson**
læknir

Umræðan um hjarta- og æðasjúkdóma hefur verið talsverð á undanförnum árum og við höfum séð töluverða breytingu í átt til hins betra með bættri fræðslu til almennings, auk þess sem við höfum náð að eiga betur við áhættuþætti slíkra sjúkdóma. Þau okkar sem hafa kynnt sér málið vita að erfðir, reykingar, hár blóðþrýstingur, hækkað kólesteról, sykursýki, hreyfingarleysi og streita hafa mikil áhrif á myndun hjarta- og æðasjúkdóma og eru fjölmargar rannsóknir sem liggja þar að baki.

Vissulega hafa þessir áhættuþættir mismunandi mikið vægi í myndun æðakölkunar og þeirra vandamála sem hún getur leitt af sér, en það er ljóst að því fleiri slíka sem þú hefur því meiri er áhættan. Það getur því verið í mörg horn að líta og nauðsynlegt að reyna að hafa áhrif á sem flesta þeirra til að draga úr eigin áhættu. Eitt af því sem er þó afar mikilvægt er að verða ekki heltekinn af því að passa sig, einstaklingar verða að njóta lífsins á sama tíma og þeir reyna að ná þessu jafnvægi. Vellíðan er einn lykilþátturinn í því að viðhalda og styrkja ónæmiskerfið, sem aftur hefur hemil á bólgumyndun sem einum af þeim fjölmörgu þáttum sem leiða til æðakölkunar.

### Algengasta dánarorsök kvenna

Það eru nokkur atriði sem við þurfum öll að hafa í huga þegar horft er til hjarta- og æðasjúkdóma í þessari umræðu. Þau eru til dæmis að karlmenn eru líklegri til að fá slík vandamál fyrr á lífsleiðinni en konur og er talið að hormónastarfsemi kvenna eigi þar hlut að máli. Konur fá engu að síður slík vandamál og má sem dæmi nefna að í Bandaríkjunum sem og í flestum öðrum vestrænum ríkjum eru hjartasjúkdómar algengasta dánarorsök kvenna. Þegar lagðar eru saman fjöldatölur kemur meira að segja í ljós að sjö næstalgengustu dánarorsakir kvenna í Bandaríkjunum leggja færri að velli en þær sem deyja af völdum hjarta- og æðasjúkdóma þar í landi.

Það þótti í hróplegu ósamræmi þegar það var skoðað árið 2000 að einungis 8% kvenna töldu hjarta- og æðasjúkdóma vera helstu heilsufarsógn sína. Það sem gerir það enn verra er að konur eru 15% líklegri til að deyja en karlar af völdum hjartaáfalls og einnig tvöfalt líklegri til að fá annað áfall á næstu sex árum samkvæmt sömu niðurstöðum. Þær höfðu flestar áhyggjur af því að fá brjóstakrabbamein sem er mun ólíklegra þrátt fyrir að það sé algengasta krabbamein kvenna. Það kom því í ljós að konur voru ekki nægjanlega vel upplýstar um áhættu sína með tilliti til hjarta- og æðasjúkdóma og ótti þeirra við slíka var minni en við aðra óalgengari sjúkdóma. Mér er ekki kunnugt um rannsóknir þessa efnis hérlendis en mögulega hafa þær verið gerðar, sé það svo væri áhugavert að vita hvort íslenskar konur séu á svipuðu reiki og kynsystur þeirra í Bandaríkjunum.

### Einkennin oft mistúlkuð

Það eru ekki sérlega mörg ár síðan þessar kannanir voru opinberaðar og í kjölfarið fór af stað mikil vakning um hjarta- og æðasjúkdóma meðal kvenna í Bandaríkjunum. Fagmenn eru þó sammála um það að betur má ef duga skal. American Heart Association hratt af stað herferðinni goredforwomen sem hefur það að markmiði að upplýsa og fræða konur um áhættuna. Herferðin er með sérstaka heimasíðu sem hægt er að skoða undir www.goredforwomen.org og tölurnar eru sláandi! Hér eru nokkrar staðreyndir af síðu þeirra sem líklega eiga við hérlendis að einhverju leyti en eru væntanlega ekki að fullu yfirfæranlegar.

> Ein af hverjum þremur konum í Bandaríkjunum deyr úr hjartasjúkdómi en ein af hverri 31 konu deyr úr brjóstakrabbameini. Aðeins 20% kvenna telja hjartasjúkdóm sína helstu heilsufarsógn.

Ein kona deyr hverja mínútu ársins í Bandaríkjunum af völdum hjartasjúkdóms. 43 milljónir kvenna þar eru með hjartasjúkdóm. 90% kvenna hafa fleiri en einn áhættuþátt fyrir hjarta- og æðasjúkdómum. Síðan 1984 hafa fleiri konur en karlar dáið af völdum hjartasjúkdóma á hverju ári. Einkenni geta verið frábrugðin þeim sem karlar fá og eru oft mistúlkuð sem leiðir til seinni greiningar. Ein af hverjum þremur konum í Bandaríkjunum deyr úr hjartasjúkdómi en ein af hverri 31 konu deyr úr brjóstakrabbameini. Aðeins 20% kvenna telja hjartasjúkdóm sína helstu heilsufarsógn. Konur eru einungis 24% þeirra sjúklinga sem taka þátt í rannsóknum á hjarta- og æðasjúkdómum.

Þetta er því afar mikilvægur sjúkdómur og samkvæmt tölunum sá mikilvægasti þeirra. Hann er einnig einn þeirra sem við þekkjum hvað best og líklega vitum við einna mest um það hvernig við eigum að koma í veg fyrir, greina og meðhöndla hann. Ef þú ert kona þá átt þú að kynna þér þetta og hvetja aðrar konur til þess einnig, eða er þér hjartanlega sama?

# Hættulegt fordæmi Hæstaréttar

DÓMSMÁL



**Elísabet Ingólfsdóttir**
laganemi

Ég vil hefja mál mitt með því að leggja áherslu á að þekking mín á lögum og lögfræði kemst ekki í hálfkvisti við reynslu og lagalega þekkingu dómara Hæstaréttar Íslands. Þar af leiðandi verður að taka orð mín með fyrirvara, í samræmi við þá staðreynd.

Það sem kom mér á óvart í dómi í máli nr. 521/2012 var sú niðurstaða meirihluta Hæstaréttar, fjögurra dómara, að sá verknaður að stinga fingrum upp í endaþarm brotaþola og leggöng og klemma þar á milli, hafi ekki fallið undir nauðgun í skilningi almennra hegningarlaga. Þá niðurstöðu byggðu dómararnir á þeim rökum að hvatir geranda hafi ekki staðið til kynferðislegrar nautnar. Hæstaréttardómarinn Ingibjörg Benediktsdóttir lagði hins vegar fram sératkvæði í dómnum og taldi þennan verknað falla undir nauðgun í skilningi laganna.

Sjálf er ég laganemi á þriðja ári og lærði Hæstaréttardóm núna fyrir jólaprófin sem tók af allan vafa um það að undir ákvæði 1. málsgreinar 194. greinar almennra hegningarlaga falla einnig „önnur kynferðismök", fingur í endaþarm eða leggöng þar með talin.

Eins og Ingibjörg tekur réttilega fram kemur þetta einnig skýrt fram í greinargerð með frumvarpi sem varð að breytingarlögum á kynferðisbrotakaflanum en þar segir m.a. [og nú vitna ég beint í sératkvæðið] að hugtakið „önnur kynferðismök" yrði lagt að jöfnu við samræði og bæri að skýra fremur þröngt þannig að átt væri við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er kæmi í stað hefðbundins samræðis eða hefði gildi sem slíkt. Væru þetta athafnir sem veittu eða VÆRU ALMENNT TIL ÞESS FALLNAR að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægju.

Ingibjörg heldur áfram og segir:

„Um hugtakið ‚önnur kynferðismök' sagði síðan í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 61/2007 að undir það teldist meðal annars falla sú háttsemi að setja fingur eða hluti í leggöng eða endaþarm. Þetta hefur verið staðfest meðal annars með dómum Hæstaréttar 10. júní 2010 í máli nr. 421/2009, 16. febrúar 2012 í máli nr. 624/2011 og 16. maí 2012 í máli nr. 572/2011."

### Hvatir geranda

Í dómum þeim sem Ingibjörg vitnar í er að vísu fjallað um hvatir geranda, en sé sakfelling á grundvelli 1. mgr. 194. gr. laganna eingöngu byggð á hvötum geranda þá er aðeins hægt að túlka þetta fordæmi á tvo vegu. Annars vegar þannig að gert sé upp á milli kynferðismaka eftir því hvort um sé að ræða getnaðarlim í leggöng eða eitthvað annað. Hins vegar getur fordæmi Hæstaréttar þýtt að sakfelling í kynferðisbrotamáli sé aldrei tæk nema hvatir geranda hafi staðið til kynferðislegrar nautnar.

> ➜ **Ég held að löngu sé orðið tímabært að jafna kynjahlutföllin í Hæstarétti Íslands, enda þurfa sjónarmið og reynsluheimur beggja kynja að komast að.**

Báðar niðurstöður eru lagalega ótækar á grundvelli texta ákvæðisins sem og lögskýringargagna með breytingarlögunum.

Tilgangur lagabreytingarinnar var að auka refsivernd á þessu sviði afbrota og það að láta hvatir brotamanns alfarið ráða niðurstöðunni getur, að mínu mati, ekki verið í samræmi við vilja löggjafans í þessu tilfelli.

Fordæmið þýðir þá í raun að ekki sé nóg með það að sanna þurfi þvinguð kynferðismök heldur þurfi einnig að sanna tilteknar hvatir geranda til að tækt sé að sakfella brotamann og það er ólíðandi og algjörlega í ósamræmi við réttarþróun í kynferðisbrotamálum.

Að endingu geri ég ráð fyrir því að flestir hafi kveikt á perunni varðandi kynjahlutföllin í atkvæðagreiðslunni í þessu tiltekna máli. Ég held að löngu sé orðið tímabært að jafna kynjahlutföllin í Hæstarétti Íslands, enda þurfa sjónarmið og reynsluheimur beggja kynja að komast að. Miklu hefur verið áorkað á þingi og í ríkisstjórn þó að enn sé langt í land. Sá hluti ríkisvaldsins sem tilheyrir dómstólum er hins vegar mikill eftirbátur og það er miður.





Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!




VOL130102

Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# Össur og AGS

UTANRÍKISMÁL



**Þorgerður K. Gunnarsdóttir**
þingmaður og fyrrv. varaformaður Sjálfstæðisflokksins

Utanríkisráðherra skrifar í Fréttablaðið á laugardag sérstaka grein um utanríkisstefnu Sjálfstæðisflokksins. Ekki það að ekki megi gagnrýna stefnu flokksins á umliðnum árum og áratugum á sviði utanríkismála en þá skal það gert á grundvelli réttra frásagna en ekki ímyndaðrar atburðarásar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur í gegnum söguna verið sá flokkur sem leitt hefur þær ríkisstjórnir sem eflt hafa vestræna samvinnu á sviði öryggis- og varnarmála, auk þess að tryggja alþjóðasamstarf sem stuðlað hefur að auknu viðskipta- og athafnafrelsi. Engar stórar mikilvægar pólitískar ákvarðanir í utanríkismálum okkar Íslendinga hafa verið teknar án atbeina eða forystu Sjálfstæðisflokksins. Má nefna aðildina að Atlantshafsbandalaginu, EFTA og Evrópska efnahagssvæðinu. Þótt við utanríkisráðherra kunnum að vera sammála því að mikilvægt sé að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið er ekki hægt að saka Sjálfstæðisflokkinn um að hafa komið því máli í biðstöðu. Sá vandi er fyrst og fremst heimabakaður vegna langvarandi deilna við ríkisstjórnarborðið en einnig vegna kjarkleysis stjórnarflokkanna tveggja að taka ekki undir eðlilega tillögu formanns og þáverandi varaformanns Sjálfstæðisflokksins, að haldin yrði þjóðaratkvæðagreiðsla áður en lagt yrði í umsóknarleiðangurinn. Það mátti hins vegar ekki því tillagan kom frá hinum agalega Sjálfstæðisflokki.

Utanríkisráðherra lætur að því liggja að Sjálfstæðisflokkurinn, með Geir Haarde í broddi fylkingar, hafi ekki viljað samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þetta er ekki bara billegt heldur ómaklegt því það var fyrst og fremst Geir Haarde sem beitti sér fyrir komu sjóðsins hingað til lands, líkt og hann beitti sér af einurð fyrir setningu neyðarlaganna. En það er eftir öllu af ríkisstjórnarflokkunum að gera sem minnst úr hlutverki Geirs á þessum örlagatímum þegar taka þurfti erfiðar ákvarðanir.

**Miklir fyrirvarar**

Hitt er betra að hafa framvinduna á hreinu þegar kemur að samvinnunni við AGS. Í byrjun októbermánaðar, nánar tiltekið kvöldið 5. október 2008, fékk forsætisráðherra Ingimund Friðriksson seðlabankastjóra á fund ríkisstjórnar til að útskýra í hverju samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fælist. Þá höfðu tveir ráðherrar ríkisstjórnarinnar uppi mikla fyrirvara við komu sjóðsins hingað til lands. Nokkuð stór orð féllu. Töldu þeir reynslu alþýðu manna víða um heim af sjóðnum hafa verið vonda og því ætti Ísland að gjalda varhug við því að fá Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til Íslands. Þessir tveir ráðherrar voru Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson. Geir vildi aftur á móti leita samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og naut þar áralangrar reynslu sinnar af samstarfi við sjóðinn úr fyrri störfum. Nýttist sú reynsla vel við að móta samning, nokkuð nýstárlegan miðað við það sem alla jafna gilti hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem hentaði íslenskum hagsmunum.

Vegna þessa kom m.a. Daninn Paul Thomsen stuttu síðar til landsins á vegum AGS og fór á fund nokkurra ráðherra ríkisstjórnar til að útskýra hvernig hugsanlegu samstarfi við sjóðinn gæti verið háttað. Á þeim fundi miðjum snerist utanríkisráðherra núverandi eins og hendi væri veifað og taldi rétt að ganga til samstarfs við sjóðinn. Það var síðan gert góðu heilli.

Á þessum örlagaríku vikum þurfti að taka erfiðar ákvarðanir. Þótt eftiráspeki geti verið hvimleið þá var sú ákvörðun að ganga til samstarfs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hárrétt, sem og setning neyðarlaganna. Reyndar hvorugt ákvarðanir sem Vinstri-græn studdu. Þau mega þó eiga það að þau fylgdu síðan nokkuð fumlaust þeirri áætlun sem fyrir lá í samskiptum Íslands við AGS þegar þau voru komin í ríkisstjórn. Skuldlaus ríkissjóður árin á undan ásamt þessum tveimur ákvörðunum á örlagastundu voru lykillinn að því að Ísland átti tækifæri til að komast sem fyrst út úr erfiðleikum hrunsins.

**→ En það er eftir öllu af ríkisstjórnarflokkunum að gera sem minnst úr hlutverki Geirs á þessum örlagatímum þegar taka þurfti erfiðar ákvarðanir.**

Sagan mun síðan sýna og dæma hvernig vinstri stjórnin nýtti tækifærin og tók ákvarðanir. Ljóst er að sundrung og óskiljanlegur stríðsrekstur ríkisstjórnarinnar í mörgum mikilvægum málaflokkum er ofarlega í hugum margra, bæði Samfylkingarfólks og annarra. Sem betur fer eru nú teikn á lofti að því muni linna og uppbyggilegt samtal um framtíðina geti átt sér stað. Þegar slíkir jákvæðir tónar eru slegnir af nýrri forystu stjórnmálaflokks er það jafnframt forystumanna annarra flokka að nálgast slíkt samtal af heiðarleika og einlægni.

# Illa launað draumastarf

KJARAMÁL



**Fríða Margrét E. Þorsteinsdóttir**
grunnskólakennari

Frá því ég var 5 ára var ég staðráðin í því að verða kennari. Kennari skyldi ég verða! Þetta var einfaldlega draumastarfið og það var nóg. Vorið 2011 útskrifaðist ég sem grunnskólakennari við Háskóla Íslands og hóf störf sem kennari haustið eftir. Starfið stóð og stendur enn algjörlega undir væntingum. Það er gaman og um leið mjög krefjandi að fá að kenna ungum snillingum, aðstoða þá við að uppgötva og fræða þá um allt milli himins og jarðar. Svo ekki sé minnst á það að fá útborgað! Nú þarf ekki að bíða eftir námslánum og/eða semja við bankann um framfærslu. Fljótlega runnu þó á mig tvær grímur, útborgunin dugir tæplega fyrir mánaðarlegum útgjöldum einhleypings í Reykjavík.

Samkvæmt launatöflu Kennarasambands Íslands frá mars 2012 eru grunnlaun umsjónarkennara 34 ára og yngri (með 12-19 nemendur í bekk) 294.634 krónur. Af því er síðan tekinn skattur eins og gengur.

Ég fór því á stúfana og kynnti mér neysluviðmið velferðarráðuneytisins. Ef miðað er við einn fullorðinn í „fjölskyldu“ á höfuðborgarsvæðinu eru dæmigerð heildarútgjöld án húsnæðiskostnaðar 223.031 kr. Inni í þessum útreikningum er ekki tekið til greina að margir eru að greiða af námslánum sínum mánaðarlega í mörg ár. Líka kennarar.

Og nú spyr ég hvort þetta séu ásættanleg laun? Er ásættanlegt að þeir sem kenna, svo dæmi séu tekin, forsetum, læknum, kennurum, lögfræðingum, hjúkrunarfræðingum, sendiherrum og prófessorum framtíðarinnar nái ekki utan um mánaðarleg útgjöld?

**→ Og nú spyr ég hvort þetta séu ásættanleg laun?**

Það finnst mér ekki ásættanlegt.





## GERÐU GÓÐVERK

**Þeir sem gefa blóð bjarga mannslífum. Við fyrstu komu í blóðbankann er tekið blóðsýni til blóðflokkunar og rannsóknar. Að tveimur vikum liðnum má gefa blóð ef niðurstöður leyfa. Á heimasíðu Blóðbankans, www.blodbankinn.is, má sjá hvaða blóðflokka vantar helst.**












# BETRI LÍÐAN MEÐ ALPHA DAILY

**ALPHA DAILY KYNNIR** *Oddný Rósa Halldórsdóttir losnaði við magaþembu þegar hún fór að drekka Alpha Daily. Hún segir drykkinn sömuleiðis vatnslosandi og bólgueyðandi og að hún sé almennt hressari.*

Alpha Daily-drykkurinn er unnin úr eplaediki og hráhunangi sem bæði er þekkt fyrir að hafa heilsubætandi áhrif. Þá eru í honum kryddjurtir sem auka virknina enn frekar.

Oddný Rósa Halldórsdóttir hefur góða reynslu af drykknum. „Ég hef drukkið hann um nokkurt skeið og er rosalega ánægð. Það má segja að ég sé nánast orðin háð honum." Oddný Rósa hefur átt það til að þembast upp en finnur ekkert fyrir því eftir að hún byrjaði að neyta drykkjarins. „Þegar ég er dugleg fæ ég mér bæði kvölds og morgna. Ég prófaði þetta upphaflega út af magaþembunni en finnst drykkurinn sömuleiðis vatnslosandi og bólgueyðandi. Auk þess er ég bara miklu hressari."

Oddný mælir drykkinn í hefðbundið vatnsglas og drekkur hann óblandaðan. „Bragðið er svolítið sérstakt en ég fór fljótlega að sækja í hann enda kom vellíðanin fljótt í ljós."

Drykkurinn fæst í flestum matvöruverslunum og segist Oddný hafa heyrt af ánægju fólks með endurvinnslutilboð sem framleiðandinn býður upp á. „Það er hægt að skila sex tómum flöskum á Smiðjuveg 38 í Kópavogi og fá aðrar sex í staðinn á verði fimm."




**HRESSARI**
Alpha Daily-drykkurinn er unninn úr eplaediki og hráhunangi. Þá eru í honum kryddjurtir. Oddný Rósa finnur mikinn mun á sér eftir að hún fór að drekka Alpha Daily daglega.
MYND/VALLI











**INN OG ÚT AF SPÍTALANUM** Starfsmenn spítalanna sem vinna að hluta á sjúkrahúsum erlendis þurfa að skila sýnum með reglulegu millibili.

# FYLGST MEÐ SMITI

**SMITHÆTTA** *Algengt er að heilbrigðisstarfsfólk starfi að hluta til á erlendum sjúkrahúsum. Við það eykst hættan á að bakteríur berist milli sjúkrahúsa. Sýkingavarnadeild Landspítala fylgir sérstökum reglum til að forðast smit.*

Sýkingar af völdum fjölónæmra MÓSA-baktería eru alvarlegt vandamál á sjúkrahúsum víða í heiminum. Enn eru MÓSA-sýkingar ekki algengar hér á landi en til að sporna við því að bakteríurnar nái fótfestu hér hafa flest sjúkrahús á Íslandi sett ákveðnar reglur um markvissa leit að MÓSA við innlögn sjúklinga sem nýlega hafa legið á sjúkrahúsum erlendis.

Algengt er að íslenskt heilbrigðisstarfsfólk starfi að hluta til á erlendum sjúkrahúsum. Því vaknar sú spurning hvort þessar tíðu ferðir geti ekki aukið bakteríusmit milli stofnana, þá sérstaklega með tilliti til MÓSA. „Reynt er að halda MÓSA-bakteríunum frá sjúkrahúsunum eins og hægt er. Ákveðnar reglur gilda um ræktun út af MÓSA þegar sjúklingar eru að færast milli sjúkrahúsa og það sama á við um starfsfólk sem starfar að hluta á erlendum sjúkrahúsum,“ segir Þórólfur Guðnason, yfirlæknir á sóttvarnasviði Landlæknisembættisins, og bætir við að sýkingavarnadeildir sjúkrahúsanna sjái um að framfylgja reglunum.

„Við erum með ákveðnar reglur um að fólk sem starfar á sjúkrahúsum erlendis skili MÓSA-sýnum samkvæmt leiðbeiningum,“ segir Ásdís Elfarsdóttir Jelle á sýkingavarnadeild Landspítala. Misjafnt sé þó hversu oft þurfi að skila sýnunum og fari það eftir því hvar fólkið hefur verið að vinna. „MÓSA er misjafnlega algeng í heiminum. Þeir sem vinna á Norðurlöndunum eða í Hollandi, þar sem við vitum að lítið er um MÓSA, skila sýni eftir fyrstu ferð og síðan á sex mánaða fresti ef farið er reglulega utan,“ útskýrir hún en starfsmenn sem fara til annarra landa þar sem meira er um MÓSA eiga að skila sýni eftir hverja ferð. Ásdís segir slíkar sýkingar afar óalgengar meðal starfsfólks Landspítala. „Það hefur engin slík sýking dúkkað upp hjá okkur í mjög langan tíma.“

Þórólfur hefur heyrt af einhverju heilbrigðisstarfsfólki sem greinst hefur með bakteríuna. „Ef MÓSA-bakteríur finnast hjá starfsmanni fer sá hinn sami í upprætingarmeðferð um leið,“ segir hann og telur að þetta sé besta fyrirkomulagið sem er í boði. Baráttuna við MÓSA segir hann þó erfiða. „Þessar sýkingar eru ekki bundnar við sjúkrahúsin heldur er þessar bakteríur að finna úti í samfélaginu. Heilbrigt fólk getur gengið með þessar bakteríur og fæstir verða veikir. Bakterían hefur því náð fótfestu hér í samfélaginu en aðaláhersla okkar er að reyna að halda henni frá sjúkrastofnunum eins og hægt er.“

## MÓSA

er skammstöfun á Meticillin ónæmur Staphylococcus aureus. Staphylococcus aureus er algeng bakteríutegund sem lifir að staðaldri á húð og einkum í nefi um það bil 20 til 40 prósenta manna án þess að valda nokkrum einkennum eða skaða. Komist hún hins vegar í sár, blóðbraut eða aðra vefi getur hún valdið misalvarlegum sýkingum. Við alvarlegar sýkingar þarf að nota sýklalyf og þá hefur lyfið Meticillin helst verið notað. Nú ber æ oftar á afbrigðum bakteríunnar sem eru ónæm fyrir Meticillini og jafnframt fleiri sýklalyfjum og kallast þessi afbrigði MÓSA. MÓSA er enn sjaldgæf á Íslandi, en nái hún bólfestu á sjúkrahúsum getur reynst erfitt og kostnaðarsamt að uppræta hana.

*Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands*







# LÍFSHLAUPIÐ HAFIÐ

*Í dag hefst hið árlega Lífshlaup ÍSÍ og stendur yfir næstu þrjár vikurnar. Landsmenn eru hvattir til að huga að daglegri hreyfingu, efla hana og auka.*

Lífshlaupið er nú haldið í sjötta sinn og stöðugt bætast fleiri keppendur við. Í fyrra tóku um 20 þúsund manns þátt sem er aukning um 24 prósent frá árinu áður. „Á heimasíðu okkar geta bæði fyrirtæki, skólar og einstaklingar skráð sig og í framhaldi skráð niður þá hreyfingu sem stunduð er. Fólk er mjög spennt fyrir þessu, vinnustaðir fara í zumba-tíma, hópgöngur og fleira til að efla hreyfingu á vinnustöðum,“ segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs ÍSÍ.

Árið 2011 lagði ÍSÍ rannsókn fyrir þátttakendur í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins. Þar svöruðu þeir spurningum um daglega hreyfingu áður en þeir tóku þátt og svo aftur fimm mánuðum eftir þátttöku. „Niðurstöðurnar voru þær að meirihlutinn sem tók þátt var farinn að hreyfa sig meira en áður. Þeir sem hreyfðu sig einu sinni til tvisvar sinnum í viku voru farnir að hreyfa sig þrisvar til fjórum sinnum í viku og svo framvegis. Þannig ýtir Lífshlaupið við fólki.“ Þá geta einstaklingarnir einnig tekið þátt bæði þessar þrjár vikur og allt árið um kring. „Það eru um 1.200-1.300 manns sem gera það. Skráningin fer vel af stað og við vonumst til að setja þátttökumet í ár. Við hvetjum fólk til að fara inn á nýja vefinn okkar www.lifshlaupid.is og skrá sig, eða fylgjast með á Facebook-síðunni okkar.“



**EKKI OF SEINT AÐ SKRÁ SIG** Enn er tekið á móti skráningum á www.lifshlaupið.is. MYND/STEFÁN KARLSSON




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR **5. FEBRÚAR 2013**

**Fréttablaðið**



**Reynsluakstur Honda CR-V**
**Bilaðar hraðamyndavélar**
**Bíll ársins – tilnefningar**
**Mercedes Benz kaupir í BAIC**
**Nýr keppnisbíll MacLaren**






Mörg forvitnileg mótorhjól ber fyrir augu á Daytona Bikeweek.



Hafsteinn Emilsson við eigin fák og að sjálfsögðu með íslenska fánann á hjólinu eins og á Bikeweek.

# Draumasamkoma mótorhjólamannsins

Daytona Bikeweek - skipulagðar ferðir Íslendinga á sýninguna síðastliðin 10 ár.

Daytona Bikeweek er tíu daga samkoma mótorhjólaáhugamanna sem haldin var fyrst árið 1937 á Daytona Beach í Flórída. Hafsteinn Emilsson er öllum hnútum kunnugur í Daytona enda hefur hann ekki misst af Bikeweek frá 1996 og er því að fara núna í 18. skiptið í röð. Hafsteinn segir að þessar ferðir hafi verið mjög vinsælar hjá Íslendingum og þeir hafi fjölmennt þangað um árabil. Fjöldinn er æði misjafn, allt frá tólf og upp í 45 manns, en í fyrra voru þeir 28 talsins og það stefnir í svipaðan fjölda í ár. Þátttakendur eru konur jafnt sem karlar og á aldrinum frá 18 til 82 ára, en allir með sama áhugamálið, mótorhjól.

## Íslenski fáninn á hjólunum

Þátttakendur hafa bæði valið sér að fara á eigin vegum og nýta sér skipulagða ferð þar sem flugið, gistingin og farastjórn er innifalin og eru þeir reyndar fleiri. Síðustu tíu árin hefur Icelandair boðið upp á sérferðir á Daytona Bikeweek undir fararstjórn Hafsteins. Eftir Bikeweek-dagana efnir Hafsteinn ávallt til tveggja daga hjólaferðar um Flórída á Harley Davidson-hjólum. Er þá farið mest um sveitir í miðfylkinu þar sem umferð er lítil og fallegir smábæir. „Þá er íslenski fáninn alltaf á hjólunum og það hefur oft komið fyrir að við erum stoppuð af Íslendingum sem búsettir eru í Flórída eða fyrrverandi hermönnum sem voru á Íslandi sem spyrja okkur hvort við séum frá Keflavík eða Reykjavík. Þeir vilja síðan allt fyrir okkur gera,“ segir Hafsteinn.

## Ein stærsta mótorhjólasýning í heimi

Daytona Bikeweek er ein stærsta mótorhjólasamkoma og sýning á heimsvísu, eins og allt sem bandarískt er. Á Bikeweek koma saman um sex hundruð þúsund mótorhjólaáhugamenn árlega. Hver sá sem framleiðir eitthvað tengt mótorhjólum lætur sig ekki vanta með sýningarbás þar, hvort sem um er að ræða mótorhjól, aukahluti fyrir mótorhjól, mótorhjólafatnað, smurolíur, hnakka, spegla, gleraugu eða hvers konar fylgihluti. Allar tegundir af hjólum er að finna til sýnis og sölu; torfæruhjól, þríhjól, hippahjól og kappaksturshjól. Í fyrra keyptu tveir Íslendingar mótorhjól á sýningunni, svo ferðin er stundum ekki bara farin til að svala forvitninni, heldur með kaup í huga.

## Keppnir og sölubásar

Daytona er álíka fjölmenn og Reykjavík og í annarri viku marsmánaðar ár hvert fyllist bærinn af mótorhjólum og hjólafólki. Vinsælt er t.d. að rölta niður aðalgötu bæjarins þar sem sölubásar eru við hvert fótmál og sýningar á hverju götuhorni. Síðustu ár hefur ásókn seljenda verið svo mikil að sýningar og sölubásar hafa verið settir upp í nærliggjandi bæjum eins og Ormond Beach. Þar er líka að finna mótorhjólaverslunina Bruce Rossmeyer Harley Davidson sem er stærsta Harley-verslun og -umboð í heimi. J & P þar við hliðina er með alla hugsanlega aukahluti fyrir mótorhjól og allan hlífðarfatnað. Það er einnig keppt á mótorhjólum í Daytona og ýmsar keppnir fara fram þá tíu daga sem Bikeweek stendur yfir. Eru þær flestar haldnar á International Speedway-kappakstursbrautinni í Daytona. Þar má sjá Motorcross- og Super Race-keppnir flesta daga. Við Speedway er stór markaður með notuð hjól og varahluti í gömul hjól. Þar er bæði gaman og fróðlegt að skoða og tala við þá sem þar eru með sölubása. Hafsteinn segir að enn séu laus sæti í ferðina á Daytona Bikeweek, sem er átta daga ferð og kostar 153 þúsund krónur með öllu.




# FRÁBÆRT ÚRVAL

## Gerðu frábær kaup!

## Allt að 80% lánamöguleikar

**Frábært úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á frábæru verði!**




LAND ROVER DISCOVERY 4S
Nýskr. 05/11, ekinn 52 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr.151731

**Glæsilegt eintak kr. 9.880 þús.**




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/12, ekinn 22 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 7.690 þús.**
Rnr.2151698.



HYUNDAI SANTA FE II LUX
Nýskr. 01/08, ekinn 65 þús km.
dísel, sjálfskiptur, 7 manna.
**VERÐ kr. 4.190 þús.**
Rnr.151261.



HYUNDAI IX35
Nýskr. 05/12, ekinn 24 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 4.990 þús.**
Rnr.201051.



HYUNDAI i30 STYLE
Nýskr. 09/08, ekinn 52 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 2.550 þús.**
Rnr.201099.




FORD GALAXY TREND
Nýskr. 06/11, ekinn 38 þús. km.
dísil, sjálfskiptur, 7 manna.
**Verð kr. 4.490 þús.**
Rnr.130386.



BMW 525Xi - 4x4
Nýskr. 01/08, ekinn 81 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**VERÐ kr. 4.890 þús.**
Rnr.190795.

**bílaland**

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




Talsvert mikil og í alla staði lagleg breyting á Honda CR-V.

## REYNSLUAKSTUR – HONDA CR-V

# Fersk kynslóðabreyting

Einn alvinsælasti jepplingur síðustu ára á Íslandi er Honda CR-V. Það sem meira er, hann er langvinsælasti jepplingur í Bandaríkjunum og slær léttilega við heimabílunum Ford Escape og jeppanum Ford Explorer. Hann seldist í meira en 300.000 eintökum á síðasta ári. Hann er þekktur fyrir áreiðanleika og fátíðar bilanir og endist von úr viti. Svo vel hefur hann enst hér á landi að 98% allra CR-V bíla sem selst hafa frá upphafi sölu hans eru enn á götunum. Það er því greinilega nokkuð varið í þennan bíl og svo var reyndar raunin er honum var reynsluekið á dögunum. Var þar um að ræða nýja kynslóð bílsins af árgerð 2013. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á bílnum og allar til að gera góðan bíl betri.



Mjög vel smíðuð og stílhrein innrétting en Honda hefði mátt vanda sig betur við efnisvalið.

### Virkar stærri en forverinn en er minni

Í fyrsta lagi er bíllinn fallegri að utan, en fyrri kynslóð hans var orðin nokkuð á eftir og breytingar því tímabærar. Hann er allur rennilegri og greinilega hefur verið unnið ríkulega í loftflæði hans, allt til að minnka eyðslu bílsins. Honda hefur þó ekki gert þau mistök að gera hann svo sportlegan að minnka gluggalínu hans, eins og á við um svo marga nýja bíla í dag. Það verður gjarnan til þess að útsýni úr bílnum, sérstaklega úr aftursætum, skerðist mjög. Önnur mistök sem Honda gerði ekki var að gera bílinn stærri, heldur þvert á móti er bíllinn aðeins minni þó að útlitið bendi til þess þveröfuga. Vel útfærð verkfræðileg hönnun hans innanborðs hefur hins vegar gert það að verkum að hann er rýmri en forverinn og á það við um öll mál hans. Meira rými fyrir ökumann og aftursætisfarþega, auk hins flata gólfs í afturhluta bílsins, skapar góða rýmistilfinningu. Eftirtektarvert er gott fótarými aftur í. Skottrými er yfrið og ætti að duga flestum til ferðalaga. Í dýrustu Executive-útgáfu bílsins kemur hann með gullfallegum leðursætum og ýmislegt annað góðgæti fylgir þá með eins og rafstýrt ökumannssæti, glerþak, rafstýrður afturhleri og lyklalaust aðgengi og ræsing.

### Fín innrétting en of mikið af plasti af ódýrari gerðinni

Geymslurými öll eru til fyrirmyndar og í miðjustokki eru gríðarlega rúmmiklar geymslur og geta hæglega látið kvenmannsveski hverfa. Ekki er skortur á glasahöldurum. Fimm tommu upplýsingaskjár gefur mælaborðinu snaggaralegan svip þó stærri skjáir prýði margan bílinn í dag. Á skjánum má stýra öllum fjáranum í bílnum og á honum birtist útsýni bakkmyndavélar ef sett er í bakkgír. Hitastýrð miðstöð er vel þegin breyting á bílnum. Mælaborðið er einfalt en skiljanlegt og allt til staðar sem þarf. Allar mögulegar tengingar eru í bílnum og ekki er ónýtt að geta stýrt lagavali gegnum iPhone. Það eina sem hægt er að setja út á innréttinguna er notkun á því er virðist ódýrari gerð plasts, sem setur hann aðeins niður í samanburði við margan annan nýjan bílinn í dag. Allt er þetta þó greinilega vel smíðað eins og við mátti búast hjá Honda. Í bílinn má fá radartengdan skriðstilli, akreinaaðstoð og árekstrarviðvörunarkerfi, en fjarlægðarskynjarar að framan og aftan eru staðalbúnaður.

### Kostar frá 6,0 til 7,9 milljónir

Fá má CR-V með 2,0 lítra og 150 hestafla bensínvél eða 2,2 lítra og 155 hestafla dísilvél. Báðar eru þær þýðgengar og öflugar vélar en eyðslan með dísilvélinni er umtalsvert lægri. Á móti kemur að bensínbíllinn er talsvert ódýrari sem munar 900 þúsund krónum. Bensínbílinn má aðeins fá sjálfskiptan en dísilbílinn bæði bein- og sjálfskiptan. Ef keyptur er dísilbíll með beinskiptingu munar ekki nema 100 þúsund krónum á honum og bensínbílnum. Eyðsla beinskipts bíls er að auki einum lítra minni í blönduðum akstri, ekki nema 5,6 lítrar á hundraðið. Geri aðrir jepplingar betur. Ódýrasti bíllinn er sjálfskiptur bensínbíll á 5.990.000 kr. Dýrasta útgáfa hans er sjálfskiptur dísilbíll í Executive-útgáfu, á 7.890.000 kr. Akstur Honda CR-V er einkar ljúfur, fjöðrun til fyrirmyndar og bíllinn er allur stífur og góður. Ekki ber mikið á hliðarhalla er lagt er á hann, stöðugleiki á vegi veitir fína öryggistilfinningu. Það sem helst má setja út á akstursánægjuna er ný rafræn stýring sem stelur aðeins tilfinningu fyrir vegi og minnkar skemmtanagildið við aksturinn. Þegar allt er tekið saman er Honda CR-V ferlega fínn bíll sem skorar hátt á flestum sviðum. Hann hefur ávallt verið góð kaup og búast má við að hann endist gríðarlega vel eins og forverar hans. Endursöluverð er alltof gott á þessum bíl og oftar en ekki er slegist um þá, þá sjaldan að fólk vill selja þá. Hann er á fínu verði sem fyrr og ætti sem áður að seljast vel hér, enda heppilegur við íslenskar aðstæður.

**KOSTIR**
- Frábært rými
- Góð tilfinning fyrir smíðagæðum
- Mikið útsýni úr bílnum

**GALLAR**
- Full einföld innrétting og notkun ódýrs plasts
- Rafræn stýring dregur úr tilfinningu í akstri

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is s. 512 5432 | **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal | **Blaðamaður/ritstjórn:** Finnur Thorlacius

# Bilaðar hraðamyndavélar rukka grimmt

Það er víðar en á Íslandi sem rándýrar hraðamyndavélar bila og það stundum við lítinn fögnuð vegfarenda. Breskur leigubílstjóri fékk 20.000 króna gluggabréf gegnum póstlúguna um daginn vegna hraðabrots hans sem átti að hafa náðst á hraðamyndavél lögreglunnar. Þar var honum refsað fyrir að aka á 50 mílna hraða á svæði þar sem 30 mílna hraði er leyfður.

Hann mundi fyrir tilviljun svo vel eftir þessari ökuferð sem þarna var mynduð að hann fór að rannsaka málið. Með því að bera saman tvær myndir sem myndavélin tók af bíl leigubílstjórans kom í ljós að hann var einungis á 17,8 mílna hraða. Það rímaði mjög vel við minni leigubílstjórans sem einmitt minntist þess að hann var að aka aldraðri konu í þessari ferð og gætti þess mjög að fara hægt og varlega. Flestir hefðu örugglega greitt þessa sekt umyrðalaust og án nokkurrar rannsóknar á staðreyndum en það var ágætt minni leigubílstjórans og réttlætisvitund hans sem forðaði honum frá þessari óþörfu og óréttmætu sekt.

Í Baltimore voru nýlega teknar niður hraðamyndavélar að andvirði 60 milljóna króna vegna óáreiðanleika þeirra og verða þær allar endurnýjaðar. Í Reykjavík voru allar þær þrjár myndavélar sem staðsettar voru við ljósastýrð gatnamót teknar niður árið 2009 og því eru þar til gerðir myndavélakassar á víð og dreif um borgina tómir og hafa verið það á fjórða ár. Til stendur að kaupa nýjar vélar í þessa kassa. Ekki er til fjármagn til þeirra kaupa nú, en það stendur til bóta.


Hraðamyndavélar kosta margan manninn skildinginn.

**17,8 mílna ökuhraði breyttist í 50 mílur**

# *Hverjir keppa um titilinn Bíll ársins?*

Á bílasýningunni í New York í lok mars verður lýst kjöri á Bíl ársins 2013. Það eru 66 þekktir bílablaðamenn um allan heim sem kjósa þann bíl, en nú er komið í ljós hvaða tíu bílar það eru sem koma til greina í kjörinu. Það eru Audi A3, Range Rover, Mazda6, Mazda CX-5, Mercedes-Benz A-Class, Peugeot 208, Porsche Boxster/Cayman, Subaru BRZ/Toyota GT86, Volkswagen Golf og Volvo V40. Það vekur sérstaka athygli að enginn bandarískur bíll er þarna á meðal þó verðlaunin verði afhent í New York. Mörgum bílablaðamönnum kemur það reyndar ekki mikið á óvart. Þýskir og japanskir bílar eru áberandi á listanum, fjórir þeirra eru frá Þýskalandi og þrír frá Japan.

WORLD CAR OF THE YEAR AWARDS

## Eldri sigurvegarar

Fyrri sigurvegarar í þessu kjöri hafa verið Volkswagen up! árið 2012, Nissan LEAF árið 2011, Volkswagen Polo 2010, Volkswagen Golf 2009, Mazda2 2008, Lexus LS 460 2007, BMW 3-línan 2006 og Audi A6 fyrir árið 2005. Aftur eru þýskir bílar mjög áberandi, eiga Þjóðverjar fimm af þeim átta bílum sem hlotið hafa þennan titil hingað til. Ætli það verði sex af níu eftir kjörið í mars? Greint verður frá hvaða bílar hafa náð þremur efstu sætunum í kjörinu á bílasýningunni í Genf 5. mars en krýning Bíls ársins bíður New York-bílasýningarinnar 27. mars.

## Sportbíll ársins

Það er ekki minni spenna fyrir kjöri á sportbíl ársins við sama tækifæri. Þar keppa um hituna bílarnir Aston Martin Vanquish, Audi RS5, BMW M6, BMW M 135i, Ferrari F12 Berlinetta, Mercedes-Benz SL63 AMG og Mercedes Benz SLS AMG, Porsche Boxster/Cayman, Renault Clio Sport og Subaru BRZ/Toyota GT86. Í þessum flokki bíla eiga sex þýskir bílar fulltrúa af þeim tíu sem til greina koma. Fyrri sigurvegarar í þessum flokki hafa verið Porsche 911 árið 2012, Ferrari 458 Italia árið 2011, Audi R8 V10 2010, Nissan GT-R 2009, Audi R8 2008, Audi RS4 2007 og Porsche Cayman S árið 2006, en þá fyrst fór kjör fram í þessum flokki.




**Hluti af staðalbúnaði Spark LT:** 1.2L / 82 hestafla vél • 14” álfelgur • 6 líknarbelgir • Loftkæling • Aksturstölva • Hiti í speglum • Öryggisnemar í aftursæti • Fjarstýrðar samlæsingar • Rafmagn í rúðum og speglum • Hljómflutningstæki með USB tengi • Aðgerðarstýri • Hiti í sætum o. fl.

**Chevrolet Spark LS 1.0 • 2013 • Verð: 1.890 þús. kr. | Chevrolet Spark LT 1.2 • 2013 • Verð: 2.090 þús. kr.**

**Verið velkomin í reynsluakstur og kaffi**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636 | www.benni.is

# MERCEDES BENZ KAUPIR 12 PRÓSENTA HLUT Í KÍNVERSKU BÍLAFYRIRTÆKI

**Í síðustu** viku keypti Daimler AG, móðurfélag Mercedes Benz, 12 prósenta hlut í Bejing Automotive Group (BAIC) fyrir 111 milljarða króna og fær með því tvo menn í stjórn fyrirtækisins. Kaupin eru liður í þeim áformum Mercedes að ná keppinautum sínum á lúxusbílamarkaði aftur, það er BMW og Audi. Það hefur sviðið mjög undan því hjá Daimler að Mercedes hefur tapað á síðustu árum forystunni í sölu á lúxusbílum, en BMW tók fram úr þeim í magni árið 2005 og Audi árið 2011. Því ætlar Mercedes að breyta og ná aftur forystunni fyrir lok þessa áratugar. Þessi nýju kaup eiga að tryggja betri aðgang að kínverskum bílamarkaði fyrir bæði Mercedes og BAIC og auðvelda þeim að keppa á þeim vaxandi markaði.

### Tapaði forystunni í lúxusbílasölu

**Í Kína** seldi Audi 406 þúsund bíla í fyrra og jók söluna um 30% milli ára en Mercedes jók hana aðeins um 1,5% og náði 196 þúsund bíla sölu þar. BMW náði hins vegar mestri aukningu, 40%, og seldi 303 þúsund bíla. Því eru blikur á lofti fyrir Mercedes Benz á þessum mikilvæga markaði og ljóst að eitthvað róttækt verður að gera. Í hinum hrynjandi markaði í Evrópu eru vaxtatækifærin helst á nýmörkuðum og þar spilar Kína stærstan þátt. BAIC á meirihlutann í verksmiðjunni Bejing Benz Automotive Co. í Peking sem framleiðir Mercedes C- og E-class bíla og GLK-jeppann. BAIC framleiðir einnig bíla í Kína fyrir Hyundai. Daimler og BAIC hafa einnig bundist samstarfi um söluumboð sín í Kína og sameina nú sjálfstæð umboð hvers um sig.






## FIAT FÆR AÐSTOÐ FERRARI OG MASERATI VIÐ VÉLASMÍÐI Í ALFA ROMEO-BÍLA

**Fiat er** svo umhugað um að koma Alfa Romeo aftur á kortið að fyrirtækið ætlar að fá Ferrari og Maserati, sem tilheyra jú Fiat-samstæðunni, til að aðstoða Alfa Romeo við vélasmíði í nýja bíla sína. Fiat ætlar að setja Guilia-bílinn og tveggja sæta roadster-sportbíl á markað á næsta ári í viðbót við Alfa Romeo 4C sportbíl sem lengri bið verður eftir. Bætast þessir bílar við fyrri gerðirnar MiTO og Guilietta. Forstjóri Fiat, hefur látið hafa eftir sér að stærsta vandamál Alfa Romeo sé að framleiða vélar sem eru þess verðar að vera í bílum með merki Alfa Romeo.



## NÝR KEPPNISBÍLL MACLAREN

**McLaren kynnti** í síðustu viku nýjan keppnisbíl sinn í Formúlu 1 sem kallast MP4-28. Athygli vekur að bíllinn er svo til alveg eins í útliti og síðasti bíll og málaður alveg eins. Undir yfirborðinu leynast þó ýmsar breytingar og þrátt fyrir að síðasti bíll sé núverandi sigurvegari í Formúlu 1 eru breytingarnar miklar og metnaðarfullar. Fjöðrunin að framan er „pull-rod“-gerðar eins og í keppnisbíl Ferrari, en öndvert við síðasta bíl MacLaren. Hliðar bílsins og botn hafa breyst nokkuð. MacLaren vonar að breyting verði á því, frá síðasta keppnistímabili, að fyrirtækið eigi ekki hraðskreiðasta bílinn í upphafi og enda þess, en eigi svo fullt í fangi við að halda í keppinautana þar á milli. Nú sé komið að því að bíll þeirra sé sá besti allt keppnistímabilið. Það gæti þýtt enn meiri breytingar á bílnum á keppnistímabilinu. Ökumenn MacLaren á næsta keppnistímabili verða Jenson Button, sem leiðir liðið eftir brotthvarf Lewis Hamilton sem fór til Mercedes, og Sergio Perez sem var áður hjá Sauber-liðinu.




**Avis hefur rétta bílinn fyrir þig.**

Hjá Avis finnur þú litla, stóra, kraftmikla, vistvæna, sportlega, hagkvæma og umfram allt rétta bíla sem henta hverju tækifæri.
Hafðu samband við næstu Avis bílaleigu og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

• Langtímaleiga • Fyrirtækjaþjónusta • Vistvænir bílar • Sendibílar • Lúxusbílar
• Bílaleiga hérlendis og erlendis • Þjónusta frá A-Ö

www.avis.is Sími 591 4000

AVIS
Við gerum betur.

## Framhaldsaðalfundur 2012

Sumarhúsafélagsins Hestvíkur verður haldinn 19. febrúar kl. 20.00 í Háskólanum í Reykjavík, gengið inn í Sólinni.

## Aðalfundur 2013

Sumarhúsafélagsins Hestvíkur verður haldinn 19. febrúar kl. 20.30 í Háskólanum í Reykjavík, gengið inn í Sólinni.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.

*Stjórnin*


Ert þú með viðskiptahugmynd?

Stofnun og rekstur fyrirtækja

Námskeiðið hefst **23. febrúar 2013.**

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Melalind 10 –Kópavogi

4ra herbergja útsýnisíbúð




OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00

Glæsileg 4ra herbergja útsýnisíbúð á 2. hæð (gengið upp 5 þrep) auk 27,6 fermetra bílskúrs. Mjög vel skipulögð og björt endaíbúð með gluggum í 3 áttir, innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Rúmgóð og björt stofa. Þrjú svefnherbergi. Stórar yfirbyggðar svalir til suðurs með góðu útsýni. Húsið stendur við opið svæði. Stutt í skóla, leikskóla og verslanir. **Verð 39,5 millj.**

**Íbúðin verður til sýnis í dag. Íbúð merkt 0202. Verið velkomin.**


### Verslun



**WWW.HUSH.IS**

Styttist í Valentínusardag. Kíktu á útsöluna hjá hush.is og veldu eitthvað fallegt handa elskunni þinni. Eigum We-Vibe unaðstæki ársins






**BEAUTY IN BLACK HOLTSBÚÐ 61 GARÐABÆ**

Útsalan í fullum gangi. 30-50% afsl af öllu. Opið þrið-föst frá 13-18. www.beautyinblack.is

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða 823 5669.

### Þjónusta



**VARANLEGT REYKSTOPP EFTIRFYLGNI Í 1 ÁR**

Viðar Aðalsteinsson mannræktarráðgjafi. www.theta.is. Upplýsingar í s. 694-5494.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið



**ORKERING**

Námskeið í nálarorkeringu, verða á laugardögum í feb. í Bæjarhrauni 2 í Hafnafj. Nánari uppl. í s: 846-3968 eða á facebook.com/togga.

## HEIMILIÐ

### Húsgögn

HÓTELHÚSGÖGN
www.nyvaki.is

### Dýrahald

6 Siberian Husky rakkar til sölu. 3 ljósir/3 dökkir. Uppl. í s. 618 1616/770 7928.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Til leigu 2ja herb. íbúð í Árbæ. Leiga 110þ. á mán. Áhugasamir sendi á h.bjarna@centrum.is

Til leigu 4 herb. íbúð í grh á annari hæð með lyftu. Mikið útsýni, leikvöllur og bílageymsla. 170 þús. á mán. ásamt 1 mán trygging. S : 696 5057 og 572 3473.

**STÚDÍÓÍBÚÐ**

Nýlega 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 64 þ. S. 824 6692.

Room for rent, herbergi til leigu í 101 RVK. Uppl. S.862 1846

### Húsnæði óskast

**LEIGUÍBÚÐIR ÓSKAST**

Stofnun í Reykjavík óskar eftir tveimur fullbúnum 1-2 herbergja íbúðum til leigu miðsvæðis í Reykjavík. Skammtíma og langtímaleiga.

**Nánari upplýsingar í s. 552-1020.**

Óska eftir 2herb. íbúð í Hfj. Greiðslur geta 120þús. á mán. Trygging ef óska er. Uppl. í S 778 6115.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**RÆSTINGAR - REYKJANESBÆR**

Laust hlutastarf við ræstingar í Reykjanesbæ. Íslensku- eða góð enskukunnátta og hreint sakavottorð skilyrði fyrir ráðningu. Umsóknir berist á umsokn@rth.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



**Búseti auglýsir eftirfarandi búseturétti**
Umsóknarfrestur til og með 12. febrúar kl. 16:00
Úthlutun 13. febrúar kl. 12:00

BÚSETI
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar



**Blikaás 21** íbúð 102
221 Hafnarfirði
**4. herb. 114,0 m2**
Afhending: Byrjun mars
**Búseturéttur hámark:** 2.854.093,-
**Búseturéttur lágmark:** 1.534.909-
**Búsetugjald:** 144.830,-



**Garðhús 6** íbúð 302
112 Reykjavík
**4. herb. 109,4 m2**
Afhending: Skv. samkomulagi
**Búseturéttur hámark:** 3.152.149,-
**Búseturéttur lágmark:** 2.864.521,-
**Búsetugjald:** 110.418,-
**ATH:** Íbúð með tekjumarki



**Þverholt 15** íbúð 203
270 Mosfellsbær
**4. herb. 100,2 m2**
Afhending: Strax
**Búseturéttur hámark:** 3.318.169,-
**Búseturéttur lágmark:** 1.870.285,-
**Búsetugjald:** 160.704,-



Búsetugjald innifelur fjármagnskostnað, fasteignatryggingu, fasteignagjöld, hússjóð, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.
Fyrirvari um prentvillur og mögulegar breytingar á verði.
Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.

**Búseti húsnæðissamvinnufélag**
Síðumúli 10 108 Reykjavík S:520 5788
www.buseti.is buseti@buseti.is



STÖÐ 2 MIÐVIKUDAGSKVÖLD

20.50

## GREY'S ANATOMY

Vinsælasti erlendi þáttur Stöðvar 2 hefur aldrei verið eins spennandi og höfundur þáttanna hefur lýst því yfir að hann eigi nóg inni.

Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

# **VINSÆLU** VERÐLAUNA-ÞÆTTIRNIR Í FEBRÚAR

Spennan hefur aldrei verið meiri í Grey's Anatomy og vinkonurnar í Girls hafa aldrei verið fyndnari. Misstu ekki af vinsælustu verðlaunaþáttunum. Vertu með Stöð 2.



NÝTTU ÞÉR **NETFRELSI**
OG MISSTU EKKI AF NEINU!

Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhalds þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.

KUNNUGLEG ANDLIT SNÚA AFTUR

## ANNAR SPILLTUR, HINN VITI SÍNU FJÆR

Kelsey Grammer er gjörspilltur borgarstjóri í Boss, en Matthew Perry örvinglaður íþróttafréttamaður í Go On.







STÖÐ 2 MIÐVIKUDAGSKVÖLD

22.20

## GIRLS

Pínlega fyndnir þættir um Hönnu og vinkonur hennar sem slógu í gegn á síðustu Golden Globe hátíð.

STÖÐ 2 SUNNUDAGSKVÖLD

21.40

## THE FOLLOWING

Magnaður spennuþáttur með Kevin Bacon í hlutverki fyrrum alríkislögreglumanns sem er kallaður aftur til starfa þegar hættulegur raðmorðingi flýr úr fangelsi.



FÍTON / SÍA

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

HD

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,



**HERMÍNA KRISTÍN JAKOBSEN**
**Austurbyggð 17,**

andaðist á Dvalarheimilinu Hlíð þann 31. janúar sl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð á Akureyri.

**Einar Ingi Einarsson** **Eva Sólveig Úlfsdóttir**
**Jóhann Kristján Einarsson** **Anna Margrét Árnadóttir**
**Ingunn Elísabet Einarsdóttir**
**Stefán Friðrik Einarsson** **Kolfinna Snæbjörg Magnúsdóttir**
**Lárus Ragnar Einarsson** **Lilja Björk Þráinsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

Ástkær sambýliskona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,



**VILBORG ÞORVALDSDÓTTIR**
**Berjahlíð 3, Hafnarfirði,**

lést föstudaginn 1. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Þökkum öllu starfsfólki líknardeildarinnar fyrir yndislegt og hlýtt viðmót og góða hjúkrun. Guð blessi ykkur og ykkar starfsemi. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Marteinn Jónsson**
**Áslaug Guðjónsdóttir**
**Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir** **Friðþjófur Jóhannsson**
**Ólafur Guðmundsson** **Margrét Íris Magnúsdóttir**
**Þorbjörg Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,



**JÓNAS JÓHANNSSON**
**fyrrv. flugumsjónarmaður,**

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju, miðvikudaginn 6. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið og Hjartaheill.

**Guðmunda M. Þorleifsdóttir**
**Þorleifur Jónasson** **Ásta H. Bragadóttir**
**Matthías Einar Jónasson** **Jóhanna Eyrún Sverrisdóttir**
**Júlíus Jónasson** **Helga Helgadóttir**
**Heimir Jónasson** **Berglind Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,



**GUÐRÚNAR ÁRNADÓTTUR ÚNNU**
**Ljósheimum 6, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildarinnar í Kópavogi.

**Árni Guðni Einarsson** **Rannveig María Jóhannesdóttir**
**Böðvar Einarsson** **Guðbjörg Halldórsdóttir**
**Ellert Valur Einarsson** **Þórunn Alfreðsdóttir**
**Guðjón Magni Einarsson** **Sif Guðmundsdóttir**
**Hjördís Einarsdóttir** **Ólafur Bjarnason**
**Elín Einarsdóttir** **Jóhann Helgason**
**Jón Páll Einarsson** **Tina Jepsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**GÍSLI PÁLSSON,**
**Hofi í Vatnsdal,**

er látinn. Útförin fer fram frá Blönduóskirkju föstudaginn 8. febrúar, klukkan 13.00.

**Vigdís Ágústsdóttir og fjölskylda**

---

Ástkær systir mín og frænka,

**SÓLEY BRYNJÓLFSDÓTTIR**
**frá Hrísey,**
**Hraunbæ 102h, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 31. janúar sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hallfríður Brynjólfsdóttir**
**Sigurveig Alfreðsdóttir** **Gunnar H. Hall**

---

Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,



**KRISTBJÖRG GUÐMUNDSDÓTTIR (BAGGA)**
**Hjallabraut 33, Hafnarfirði,**

lést síðastliðinn föstudag á Landspítalanum við Hringbraut.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**

**Hreiðar Sigurjónsson** **Fríða Ragnarsson**
**Sigurður Sigurjónsson** **Lísa C. Harðardóttir**

---

Elskulegi bróðir okkar og frændi,



**GÍSLI GRÉTAR ÓLAFSSON**

lést að morgni föstudagsins 1. febrúar. Útförin fer fram frá Kristskirkju Landakoti þriðjudaginn 12. febrúar kl. 15.00.

**Jónína Margrét Ólafsdóttir**
**Svanhvít Ólafsdóttir**
**og frændfólk.**

---

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,



**GUÐRÚNAR HARALDSDÓTTUR**
**Sóltúni 10, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landakotsspítala, deild L4.

**Gunnlaugur Pálmi Steindórsson**
**Steindór Gunnlaugsson** **Halldóra Lydía Þórðardóttir**
**Haraldur Páll Gunnlaugsson** **Bolette Møller Christensen**
**Bryndís Dögg Steindórsdóttir** **Haukur Eggertsson**
**Gunnlaugur Egill Steindórsson**
**Emilía Björk Hauksdóttir**

---

Ástkær eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,



**ÁSTRÍÐUR ÁSTMUNDSDÓTTIR**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 1. febrúar. Jarðsungið verður í Þorlákskirkju í Þorlákshöfn laugardaginn 9. febrúar kl. 13.30.

**Ársæll Guðmundsson**
**Ingibjörg Magnúsdóttir**
**Guðmundur R. Ársælsson** **Sigrún Rúnarsdóttir**
**Ingibjörg Ársælsdóttir** **Zóphonías M. Jónsson**
**Jón Ásti Ársælsson** **Sarah Seelinger**
**Magnús Ársælsson** **Sesselja Th. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnbarn.**

---

Elskulegur eiginmaður minn, sonur, tengdasonur og bróðir,



**EGILL ARNARSON SCHEVING**
**félagsráðgjafi-MSW,**
**búsettur í Ástralíu,**

lést 23. janúar sl. Jarðarförin fer fram á Íslandi og verður auglýst síðar.

**Laufey Þórðardóttir**
**Örn Scheving**
**Sigrún Margrét Sigmarsdóttir**
**Þórður Kr. Jóhannsson** **Steinunn Þorsteinsdóttir**
**systkini og fjölskyldur þeirra.**

---

Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,



**GUÐFINNA LIND HENTZE**
**Sólvallagötu 40a, Keflavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 30. janúar. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 15.00.

**Lydía Sigurðardóttir**
**Natalía Sigurðardóttir**
**Gerður Hentze Pálsdóttir**
**Gunnlaug Ruth Guðmundsdóttir**
**Haukur Snær Guðmundsson Garðar Már Guðmundsson**

---



**UNNUR OG MARKÚS** Markús er geðprúður hestur, að sögn Unnar sem hlakkar til að kynnast honum nánar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Markús er ekki matvandur

## Stóðhesturinn Markús frá Langholtsparti er kominn til dvalar í Fjölskyldu-og húsdýragarðinum í Laugardal.

„Markús er hér til að kynna gestum okkar fjölskyldugerð hesta, líkt og aðrir stóðhestar sem hafa dvalið hjá okkur tímabundið undanfarin ár,“ segir Unnur Sigurþórsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar í Fjölskyldu-og húsdýragarðinum, þegar hún kynnir nýjasta dvalargestinn, stóðhestinn Markús frá Langholtsparti í Flóa. Hann er sem sagt fulltrúi pabbanna í hesthúsi garðsins en þar eru með heimilisfesti allt árið hryssurnar Dagvör og Gola og geldingarnir Fylkir og Öngull. „Á vorin og sumrin höfum við síðan fengið til okkar í heimsókn hryssur með folöld sem vekja mikla athygli rétt eins og annað ungviði,“ segir Unnur.

Markús er á 20. vetri og er faxprúður mjög. Hann hefur háar einkunnir í sinni ferilskrá og á landsmóti í Reykjavík árið 2000 stóðu Markús og Sigurbjörn Bárðarson uppi sem sigurvegarar í B-flokki gæðinga.

Markús á 419 skráð afkvæmi samkvæmt Worldfeng, ættbók íslenska hestsins (www.worldfengur.com), og var sýndur ásamt afkvæmum á landsmóti í Reykjavík 2012. Þar hlaut hann heiðursverðlaun og 2. sæti.

Börnum verður ekki boðið á bak Markúsi að sögn Unnar en þau geta farið á bak garðshrossunum allar helgar frá klukkan 14 til 14.30.

Hvaða fóður skyldi svo gæðingurinn Markús fá? „Markús fær sama hey og hinir hestarnir, sannkallað gæðahey frá Villa í Litlu-Tungu í Holta- og Landsveit og ekki er hægt að segja að hann sé matvandur,“ segir Unnur. Hún telur Markús henta vel til dvalar í garðinum þar sem hann sé mjög geðprúður. „Annars eigum við starfsfólkið eftir að kynnast honum betur næstu daga og er nokkur tilhlökkun í mannskapnum.“

- gun

---

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,



**MAGNÚS WELDING JÓNSSON**

sem lést þann 31. janúar sl. verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

**Guðrún Magnúsdóttir** **William H. Clark**
**Elín Magnúsdóttir** **Hilmar Hólmgeirsson**
**Eyrún Magnúsdóttir** **Ólafur Már Brynjarsson**
**og barnabörn.**

Kíktu á notadir.brimborg.is

# FRÁBÆRT ÚRVAL

Tökum allar tegundir bíla uppí.



**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Nissan Patrol Luxury 4x4 (ZL639)**
3,0D 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 125.000 km.
Verð: 3.790.000 kr.
Afsláttur: 800.000 kr.



**Tilboð: 1.990.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4 (FTU17)**
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2006. Ek. 91.000 km.
Verð: 2.690.000 kr.
Afsláttur: 700.000 kr.



**Tilboð: 1.850.000 kr.**

**Ford Fiesta Trend (KOU45)**
1,4i bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 58.000 km.
Verð: 1.990.000 kr.
Afsláttur: 140.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 4.290.000 kr.**

**Ford Escape Limited AWD (LDB02)**
2,5i V6 bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 48.000 km.
Verð: 4.880.000 kr.
Afsláttur: 590.000 kr.



**Tilboð: 3.590.000 kr.**

**Ford Kuga Trend AWD (VKL18)**
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 8/2010. Ek. 72.000 km.
Verð: 3.890.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 2.690.000 kr.**

**Ford Escape Limited AWD (JLJ27)**
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 3/2008. Ek. 90.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.



**Tilboð: 3.290.000**

**Toyota Land Cruiser VX 4x4 (NG804)**
4,0i 250 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2005. Ek. 197.000 km.
Verð: 3.690.000 kr.
**Afsláttur: 400.000**

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 3.480.000**

**Porsche Cayenne AWD (OE753)**
3.2i V6 250 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2005. Ek. 112.000 km.
Verð: 3.900.000 kr.
Afsláttur: 420.000 kr.



**Verð: 3.350.000 kr.**

**Ford Focus Trend (NMS57)**
1,6TDCi 95 hö dísil beinskiptur
Skrd. 3/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.350.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Ford Explorer Limited 4x4 (GZE90)**
4,6i V8 291 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 112.000 km.
Verð: 3.590.000 kr.
Afsláttur: 600.000 kr.



**Tilboð: 1.350.000 kr.**

**Citroën C1 SX (RUY83)**
1,0i 68 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2011. Ek. 39.000 km.
Verð: 1.570.000 kr.
Afsláttur: 220.000 kr.



**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Ford Mondeo Trend Station (MTM64)**
1,6TDCi 115 hö dísil beinskiptur
Skrd. 5/2011. Ek. 35.000 km.
Verð: 3.320.000 kr.
Afsláttur: 330.000 kr.

## Komdu í dag

Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.

**Kíktu á leitarvélina og finndu bílinn þinn: notadir.brimborg.is**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.**

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** blikk, **6.** í röð, **8.** titill, **9.** fugl, **11.** ekki, **12.** virki, **14.** beikon, **16.** drykkur, **17.** skip, **18.** vætla, **20.** átt, **21.** flink.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, **3.** hvort, **4.** fjölmiðlar, **5.** þreyta, **7.** pergament, **10.** mas, **13.** gogg, **15.** slabb, **16.** kvenkyns hundur, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** depl, **6.** áb, **8.** frú, **9.** lóm, **11.** ei, **12.** skans, **14.** flesk, **16.** te, **17.** far, **18.** íla, **20.** na, **21.** klár.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** ef, **4.** pressan, **5.** lúi, **7.** bókfell, **10.** mal, **13.** nef, **15.** krap, **16.** tík, **19.** aá.

# Ábyrgðin er okkar

**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé



Eftir 85 daga ganga Íslendingar að kjörborðinu og segja hug sinn um hvernig þeir vilja að landinu verði stjórnað næstu fjögur árin. Hverjum þeir treysta best til að verða fulltrúar sínir á Alþingi. Slíkt val ætti með réttu að byggja á hæfilegri blöndu af reynslu og væntingum; hvað stjórnmálaflokkarnir hafa gert til að verðskulda atkvæði og hvað þeir segjast ætla að gera. Þetta heitir fulltrúalýðræði, hreyfingar eru stofnaðar um ákveðinn málstað, kjósendur velja á milli og fulltrúar hreyfinganna setjast á þing.

**TIL** að þetta kerfi virki sem best þarf hins vegar að vera áhugi á starfi hreyfinganna oftar en einn laugardag á fjögurra ára fresti. Íslenskt stjórnmálakerfi byggir á stjórnmálaflokkum, við kjósum flokka en ekki fólk, nema í litlum mæli. Þess vegna er það dapurleg staðreynd að ein af afleiðingum hrunsins er að áhugi á starfi stjórnmálaflokka fer síminnkandi. Áhugi á nöldri um starf stjórnmálaflokka hefur hins vegar farið vaxandi, en nagg og nöldur er neikvæð forsenda fyrir uppbyggingu stjórnmálakerfis.

**AF** hverju hópaðist fólk ekki í stjórnmálaflokkana og breytti stefnu þeirra eftir hrun? Það þarf ótrúlega lítið til að taka yfir meðalstóran stjórnmálaflokk á Íslandi og vel skipulagður hópur þarf ekki að vera mjög stór til þess. Það er skiljanlegt að starf í stjórnmálaflokkum hafi ekki heillað marga síðustu árin, en vilji fólk raunverulegar breytingar á samfélaginu verður það að horfast í augu við þá staðreynd að við búum við fulltrúalýðræði sem byggir á stjórnmálaflokkum. Okkur getur þótt það slæmt, viljað auka persónukjör og gjörbreyta því lýðræðislega ferli sem við búum við, en á meðan það gerist ekki þá eru þetta leikreglurnar. Og með því að taka ekki þátt í leiknum dæmir fólk sig til áhrifaleysis.

**SÚ** skoðun þekkist og þykist fín að fólk sé búið að fá leið á hugsjónum. Það er dapurlegt ef hrunið hefur leitt til þess. Ég held reyndar að það sé ekki þannig. Ég held einmitt að fólk hafi mun meiri hugsjónir nú en fyrir nokkrum árum. Það hefur hins vegar ekki viljann til að koma þeim hugsjónum í þann eina farveg sem raunverulega getur gert þær að veruleika; inn í stjórnmálaflokkana.

**ÞESS** vegna er sú staða uppi að enginn er sérstaklega hrifinn af því sem stjórnmálaflokkarnir hafa upp á að bjóða, en einhvern þeirra verðum við hins vegar að velja. Við berum hins vegar öll ábyrgð á því hvernig samfélagið okkar er samansett og það ekki bara á fjögurra ára fresti.






## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



NÝTT Á ORKUNNI OG SHELL

www.orkan.is/thin-stod

+2 kr.

# 2 kr.
# viðbótarafsláttur
## á Þinni stöð

Veldu bensínstöð að eigin vali á **www.orkan.is** og fáðu **2 krónu viðbótarafslátt** á þeirri stöð, ofan á þann afslátt sem þú hefur í dag*.

**Sjá nánar á www.orkan.is.**




**5 kr.**
lágmarksafsláttur
á Þinni stöð

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Almennur afsláttur korthafa/lykilhafa að viðbættum 2 kr. viðbótarafslætti á Þinni stöð er aldrei meiri en 10 kr.
Afsláttur á Þinni stöð bætist t.d. ekki við upphafsafslátt, afmælisafslátt, Ofurdag eða önnur sértæk afsláttarkjör.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 5. FEBRÚAR 2013**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist verður spiluð hjá Félagi eldri borgara að Stangarhyl 4 í Reykjavík.

### Kvikmyndir

**16.00** Konfúsíusarstofnunin sýnir kvikmyndina Harðsoðið eftir John Woo í stofu 101 í Odda Háskóla Íslands. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Tónlist

**12.00** Alina Dubik mezzósópran syngur rússneskar aríur á hádegistónleikum í Hafnarborg. Tónleikarnir eru styrktir af Samfélagssjóði Rio Tinto Alcan og eru þeir öllum opnir.

**20.30** Söngkonan Kristjana Stefánsdóttir og píanóleikarinn Karl Olgeirsson flytja tónlist á næsta djasskvöldi KEX Hostels, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Jóhanna Þórhallsdóttir og djasstríó hennar skemmta á Café Rosenberg.

### Fyrirlestrar

**12.00** Ágúst Ó. Georgsson fagstjóri Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands heldur fyrirlestur um Septemborgu Gunnlaugsdóttur frá Bjarneyjum. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins og er öllum opinn og ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Við viljum að... börn eiga rétt á heilbrigðum tönnum

# Ljóð flakka um lönd

Halla Gunnarsdóttir sendi á dögunum frá sér sína aðra ljóðabók, Tvö jarðar ber. Ljóðin eru öll innblásin af ferðalögum Höllu og indverskrar vinkonu hennar.

Halla Gunnarsdóttir er kunn af fyrri störfum sínum sem blaðamaður og nú sem aðstoðarmaður innanríkisráðherra. Meðfram blaðamennsku og pólitískum störfum hefur hún líka skrifað bækur. Árið 2007 kom út ljóðabókin Leitin að Fjalla-Eyvindi, ári síðar kom kom út fræðibókin Slæðusviptingar og árið 2010 skráði hún æviminningar Guðrúnar Ögmundsdóttir.

Á dögunum kom út önnur ljóðabók Höllu, Tvö jarðar ber. Bókina tileinkar hún indverskri vinkonu sinni, Nityu, en ljóðin fjalla flest um ferðalag þeirra á Íslandi og Indlandi.

„Þetta er saga af vináttu okkar Nityu,“ segir Halla. „Við kynntumst í Ástralíu árið 2006 í kjallara í klaustri, þar sem erlendir námsmenn bjuggu um stundarsakir áður en þeir fundu sér varanlegra húsnæði. Hún var að fara í fyrsta sinn að heiman. Við tengdumst strax nánum böndum og urðum góðar vinkonur. Árið 2009 heimsótti ég hana til Indlands og fyrir tveimur árum kom hún til Íslands.“

Ljóðin sem fjalla um Ísland lýsa því hvernig ferðalagið með útlendingnum fær sögumanninn til að líta eigið land öðrum augum.

„Það gerist eitthvað skrítið þegar maður ferðast með útlendinga um landið,“ segir Halla. „Þjóðerniskenndin, sem maður reynir alla jafna að afneita, hreinlega át mig. Mig langaði til að sýna Nityu hvern einasta foss og hverja þúfu, upplifa þögnina í íslenskri náttúru og þar fram eftir götunum. Í hennar sporum hefði ég sjálfsagt fengið nóg af stjórnseminni og spyrnt við fótum, en það sýnir kannski menningarmuninn; hún kemur úr stjórnsömu samfélagi.“



**HALLA GUNNARSDÓTTIR** Tileinkar vinkonu sinni Nityu frá Indlandi bókina. Á ferðalögum þeirra vofði yfir að senn biði Nityu það hlutskipti að ganga í hjónaband með manni sem hún þekkti ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í bókinni er líka alvarlegur undirtónn, þar sem yfir vofir að Nitya þarf bráðum að ganga í hjónaband.

„Hún var orðin 24 ára og fékk leyfi frá foreldrum sínum til að sjá heiminn og rasa aðeins út áður en hún festi ráð sitt.“ Í bókinni er meðal annars eitt ljóð sem gerist í indversku brúðkaupi sem Halla fór í með vinkonu sinni, þar sem brúðurin situr skartklædd með „döpur augu“.

„Þessi veisla gerði það að verkum að ég varð mjög taugaóstyrk yfir tilhugsuninni um að þetta biði Nityu, að giftast einhverjum manni sem hún þekkti ekki. Þetta varð eiginlega enn meira knýjandi þegar hún heimsótti mig til Íslands, því þá lá fyrir bónorð sem hún þurfti að velta fyrir sér.“

Halla segir það ekki hafa verið meðvitaða ákvörðun að skrifa ljóðabók um þessa atburði.

„Það bara gerðist, eins klisjulega og það hljómar. Ég sat á tröppunum hjá vinafólki mínu, á leið í útilegu og fór að melta þetta ferðalag. Í kjölfarið komu ljóðin, svo til í einni bunu, og næsta árið notaði ég til að vinna meira úr þeim og snurfusa.“

Halla ætlar að halda áfram að yrkja og vonar að hún gefi út fleiri bækur.

„Vinkona mín, sem fór að læra á harmóníku, sagði að það væri svo gott því það reyndi á aðrar heilastöðvar en hennar daglegu störf. Fyrir mig er það eins með ljóðin; ég vinn í pólitísku starfi þar sem er eilíft at og finn hvernig maður skiptir um fasa þegar maður skrifar ljóð. Mér leið að minnsta kosti vel yfir að koma þessu frá mér.“

bergsteinn@frettabladid.is

Ég kann ekki orðið
yfir stuðlaberg
á ensku

og ekki man ég hvernig það
myndaðist.

Það er jafn fallegt hvort eð er
og ég verð dáleidd
af að horfa á hana
dáleidda
yfir enn einum fossinum

heilluð
vanmáttug

og mér finnst
sem hún spyrji
hann svara.

*Úr bókinni Tvö jarðar ber*

TRAUSTI
fasteignasala
**Lokastígur 19 - 3 herb. - 72.4 fm.**
**Opið hús í dag frá kl. 17:00 – 17:30**
Glæsileg efsta hæð á besta stað í miðbænum, í fallegu húsi við Lokastíg (við hlið Skólavörðustígs). Nýlega tekin öll í gegn. Svalir með útsýni. Risloft ekki í fermetra tölu. Mikil lofthæð að hluta. Íbúðin var að mestu tekin í gegn og endurnýjuð árið 2007.
**Verð: 30.9 millj.**
**Nánari upplýsingar í síma: 546-5050**


Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

# Notalegt kæruleysi

TÓNLIST ★★★★☆

**Caput-hópurinn**
Stjórnendur Guðni Franzson og Snorri S. Birgisson
**MYRKIR MÚSÍKDAGAR Í HÖRPU 1. FEBRÚAR.**

Það var eitthvert undarlegt suð í Norðurljósasalnum í Hörpu á tónleikum Caput á Myrkum músíkdögum á föstudagskvöldið. Kannski var þetta bilun í hátalarakerfinu. Það var býsna truflandi. Að öðru leyti fóru tónleikarnir vel fram. Fjórir nýir einleikskonsertar litu dagsins ljós. Sá fyrsti á dagskránni var píanókonsert. Hann var eftir Jónas Tómasson. Einleikari var Tinna Þorsteinsdóttir. Mikilvæg rulla var einnig í höndunum á Eiríki Erni Pálssyni trompetleikara. Á tímabili var um hálfgert kammerverk að ræða. Meginuppistaðan var samspil trompet- og píanóleikarans. Restin af hljóðfærunum mynduðu fremur hlédrægan undirleik.

Verkið var skemmtilegt, og það var prýðilega leikið. Formið var fallega frjálslegt og óvenjulegt. Ekki þessi hefðbundna uppbygging sem stefnir á hápunkt undir lokin og fjarar svo út með einhvers konar bergmáli af upphafstónunum. Það form hefur verið vinsælt hjá tónskáldum síðustu árin og er orðið að hálfgerðri klisju. En Jónas leyfði sér að gera allt annað. Líflegir hápunktar voru að vísu til staðar en fljótlega náði innhverfari stemning yfirhöndinni. Laglínan var sjarmerandi, skáldskapurinn auðfundinn, innblásturinn sterkur. Þetta var með því besta sem ég hef heyrt eftir tónskáldið.

Kontrabassakonsert eftir Þórð Magnússon var næstur á dagskrá. Hann var líka skemmtilegur. Hljómsveitin samanstóð hér af strengjum og hörpu og tónefnið var notalega kæruleysislegt. Fullt var af skondnum en grípandi tónhendingum sem þróuðust í alls konar áttir. Tónlistin kom stöðugt á óvart og maður naut hvers tóns. Hávarður Tryggvason lék einleik og gerði það af glæsimennsku, tæknilegu öryggi og innlifun.

Lakasta tónsmíðin á efnisskránni var fiðlukonsert eftir Snorra S. Birgisson. Hann skartaði vissulega fallegum laglínum en var dálítið ofhlaðinn og langdreginn. Konsertinn var saminn fyrir bróður tónskáldsins, Þórhall, sem er fiðluleikari. Þórhallur er vissulega hæfileikaríkur en hefur ekki verið áberandi í tónlistarlífinu. Ég veit ekki til þess að hann komi oft fram á tónleikum. Það heyrðist. Fæstir spila vel opinberlega nema þeir geri það reglulega.

Lokaverkið á dagskránni var Ensilumi, sellókonsert eftir Áskel Másson. Ensilumi er finnska og þýðir fyrsti snjór vetrar. Tónlistin var innhverf, einhvers konar seiðandi drungi einkenndi hana alla. Áskell er fremur rómantískt tónskáld, það var morgunljóst hér. Tónarnir komu auðheyrilega beint frá hjartanu, laglínurnar voru grípandi. Atburðarrásin var ljóðræn, draumkennd, flæðandi og eðlileg. Einleikur Bryndísar Höllu Gylfadóttur var líka frábær, tilfinningaþrunginn, myrkur og heillandi.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Þrír af fjórum nýjum einleikskonsertum voru skemmtilegir.

LYFJA
– Lifið heil
+15% afsláttur
Nicotinell Tropical Fruit
204 stk. 4 mg: 7.598 kr.
204 stk. 2 mg: 5.454 kr.
24 stk. 2 mg: 799 kr.

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
Gildir til 30. september
ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 60816 08/12

# Djassað á Rosenberg

Jóhanna V. Þórhallsdóttir djassar í fyrsta sinn.

Jón Páll Bjarnason, Reynir Sigurðsson, Gunnar Hrafnsson og Erik Qvick koma saman á Café Rosenberg í kvöld ásamt söngkonunni Jóhönnu V. Þórhallsdóttur. Hljóðfæraleikararnir fjórir eiga allir langan feril að baki í djasstónlist en þetta er í fyrsta sinn sem Jóhanna spreytir sig á djassinum. Á efnisskrá fimmmenninganna eru djassperlur og er ætlunin að „halda í óvissuferð út á víðar lendur gömlu meistaranna í leit að perlum og gulli,“ eins og segir í fréttatilkynningu.



**JÓHANNA ÞÓRHALLSDÓTTIR**


Bergþórutónleikar 2013
Forsala: salurinn.is - menningarhus.is - midi.is
Sýnir
Salnum
Kópavogi
15. febrúar
Hofi
Akureyri
16. febrúar
Ellen Kristjáns
Eyjólfur Kristjáns
Stefán Hilmars
Hljómsveit
Þórir úlfarsson, Jón Elvar Hafsteinsson, Eiður Arnarsson, Jóhann Hjörleifsson
Sérstakir gestir
Móheiður Guðmundsdóttir,
Valný Lára Jónsdóttir
og hljómsveitin HÁLFT Í HVORU
RÁS 2
RISTORANTE Caruso
ísbúð VESTURBÆJAR



**ENDURKOMA** Hljómsveitin Destiny´s Child, sem Kelly Rowland, Michelle Williams og Beyoncé mynduðu, kom saman á ný. NORDICPHOTOS/GETTY



**SLÓ Í GEGN** Beyoncé kom, sá og sigraði í 15 mínútna löngu atriði sínu í hálfleik á Super Bowl.

# Beyoncé tryllti lýðinn á úrslitaleiknum

Söngkonan Beyonce stóð við stóru orðin með stórbrotnu atriði í hálfleik á Super Bowl, úrslitaleiknum í NFL-deildinni og einum stærsta íþróttaviðburði vestanhafs. Beyoncé flutti úrval laga sinna og allt ætlaði um koll að keyra þegar þær Kelly Rowland og Michelle Williams, sem eitt sinn mynduðu sveitina Destiny´s Child ásamt Beyoncé, komu saman á nýjan leik í miðju atriðinu. Það var svo söngkonan Alicia Keys sem söng þjóðsönginn og Jennifer Hudson kom einnig fram fyrir leikinn. Baltimore Ravens fóru með sigur af hólmi í leiknum.



**SPENNT** Jennifer Hudson brosti út að eyrum er hún gekk inn á leikvanginn.



**BARNAKÓR** Barnakór skólans Sandy Hook í Newton söng fyrir leikinn ásamt söngkonunni Jennifer Hudson.



**ÞJÓÐSÖNGURINN** Alicia Keys fékk þann heiður að flytja bandaríska þjóðsönginn fyrir leikinn.



**EKKI TAPSÁR** Leik- og söngkonan Katherine McPhee lét sig ekki vanta og brosti þrátt fyrir að hennar lið tapaði.



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Þriðjudaga kl. 20 og laugardaga kl. 16.
www. kvikmyndasafn.is

**FJALLA-EYVINDUR**
**Endurgerð útgáfa**

*Ný tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson*
*Ný textaþýðing eftir Jón Viðar Jónsson*

*Upptaka með Kammersveit Hafnarfjarðar undir stjórn Guðna Franzsonar*

Hin sígilda sænska þögulmynd *Fjalla-Eyvindur og kona hans* frá árinu 1918 er byggð á leikriti Jóhanns Sigurjónssonar, Fjalla-Eyvindi. Hin stóru stef mannlífsins líf og dauði, ást og fórn, vinátta og afbrýði og að lokum hatrið eru til umfjöllunar í þessari átakamikilu ástarsögu þeirra Eyvindar og Höllu.


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE LAST STAND | 8, 10.15(P) | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | 6 | L |
| VESALINGARNIR | 5.50, 9 | 12 |
| DJANGO UNCHAINED | 10.15 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | 6(48R) | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| PARKER VIP | KL. 10:30 | VIP |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD VIP | KL. 5:30 - 8 | VIP |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| XL | KL. 10:30 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 8 | 7 |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 | 16 |
| THE LAST STAND | KL. 10:30 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 8 - 10:10 | 7 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| DJANGO UNCHAINED | KL. 8 | 16 |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| XL | KL. 6 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 10:20 | 16 |
| XL | KL. 10:20 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5 | 14 |
| THE LAST STAND | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.20 | L |
| VESALINGARNIR | KL. 4.30 - 8 | 12 |
| DJANGO | KL. 4.30 - 8 - 10.40 | 16 |
| DJANGO LÚXUS | KL. 10.20 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 | 12 |
| LIF OF PI 3D | KL. 8 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5.50 - 9 | 14 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.50 - 9 | 12 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 6 | 10 |
| ÁST KL. 8 - 10.20 L / RYÐ OG BEIN | KL. 5.50 | L |

| BORGARBÍÓ | ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ / NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5.20 - 9 | 14 |
| THE LAST STAND | KL. 8 | 16 |
| VESALINGARNIR | KL. 6 | 12 |
| DJANGO | KL. 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

ÞRIÐJUDAGUR: HOLY MOTORS (16) 17:50, 20:00, 22:10 ■ HVELLUR (L) 18:00, 20:00 ■ XL (16) 20:10, 22:00 ■ ROYAL AFFAIR (14) 17:50 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!

# TIL HAMINGJU VILBORG!

Jákvæðni, áræðni og hugrekki þitt skilaði þér á Suðurpólinn.
Michelsen úrsmiðir þakka þér frábært samstarf.





„Úrið reyndist mjög vel. Ég hengdi það jafnan framan á mig á morgnana með áttavitanum svo það var berskjaldað í öllum veðrum og vindum“.

- Vilborg Arna Gissurardóttir.

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

## ÚRSLIT

**N1 DEILD KARLA Í HANDBOLTA**

**AKUREYRI - HAUKAR 18-20 (11-9)**
**Akureyri - Mörk (skot):** Bergvin Þór Gíslason 6 (10), Geir Guðmundsson 5 (11), Heimir Örn Árnason 2/1 (5/2), Guðmundur H. Helgason 2 (10), Hreinn Þór Hauksson 1 (1), Valþór Guðrúnarsson 1 (3), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (3/1), Hörður Fannar Sigþórsson (1),

**Varin skot:** Jovan Kukobat 18/1 (34/3, 53%), Stefán Guðnason 3 (7/1, 43%).

**Haukar - Mörk (skot):** Sigurbergur Sveinsson 8/3 (15/4), Elías Már Halldórsson 5 (12), Gylfi Gylfason 3 (7), Árni Steinn Steinþórsson 1 (2), Jón Þorbjörn Jóhannsson 1 (3), Freyr Brynjarsson 1 (4), Tjörvi Þorgeirsson 1 (6), Sveinn Þorgeirsson (1),

**Varin skot:** Giedrius Morkunas 14/2 (23/3, 61%), Aron Rafn Eðvarðsson 6 (15, 40%).

**FRAM - HK 26-22 (16-10)**
**Fram - Mörk (skot):** Stefán Baldvin Stefánsson 6 (8), Jóhann Gunnar Einarsson 5/1 (12/2), Haraldur Þorvarðarson 4 (6), Róbert Aron Hostert 4 (12), Ólafur Magnússon 3 (3), Sigurður Eggertsson 3/1 (6/1), Ægir Hrafn Jónsson 1 (1),

**Varin skot:** Magnús Erlendsson 17 (36/2, 47%), Valtýr Már Hákonarson 1 (4/1, 25%),

**HK - Mörk (skot):** Bjarki Már Elísson 6/3 (10/3), Eyþór Már Magnússon 4 (6), Bjarki Már Gunnarsson 3 (3), Leó Snær Pétursson 2 (4), Tandri Már Konráðsson 2 (7), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (1), Jóhann Karl Reynisson 1 (2), Atli Karl Bachmann 1 (4), Daníel Örn Einarsson 1 (4), Garðar Svansson 1 (4), Vladimir Djuric (1),

**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 20/1 (45/3, 44%), (1, 0%).

**FH - AFTURELDING 28-25 (11-14)**
**FH - Mörk (skot):** Ásbjörn Friðriksson 10/3 (18/3), Ragnar Jóhannsson 7 (12), Sigurður Ágústsson 3 (3), Logi Geirsson 3 (7), Þorkell Magnússon 2 (3), Einar Rafn Eiðsson 1 (1), Andri Berg Haraldsson 1 (2), Ari Magnús Þorgeirsson 1 (2), Arnar Birkir Hálfdánsson (1),

**Varin skot:** Daníel Freyr Andrésson 17 (42/2, 40%).

**Afturelding - Mörk (skot):** Jóhann Jóhannsson 7/2 (13/2), Benedikt R. Kristinsson 6 (9), Elvar Ásgeirsson 3 (5), Pétur Júníusson 2 (2), Helgi Héðinsson 2 (2), Sverrir Hermannsson 2 (9), Þrándur Gíslason 1 (1), Davíð Svansson 1 (1), Hilmar Stefánsson 1 (1), Elvar Magnússon (2),

**Varin skot:** Davíð Svansson 15 (43/3, 35%).

**STAÐAN Í N1 DEILD KARLA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 13 | 12 | 1 | 0 | 339-279 | 25 |
| FH | 13 | 8 | 1 | 4 | 337-330 | 17 |
| Fram | 13 | 6 | 1 | 6 | 339-340 | 13 |
| ÍR | 13 | 6 | 1 | 6 | 348-354 | 13 |
| Akureyri | 13 | 5 | 1 | 7 | 317-322 | 11 |
| HK | 13 | 4 | 2 | 7 | 311-332 | 10 |
| Afturelding | 13 | 3 | 2 | 8 | 324-343 | 8 |
| Valur | 13 | 2 | 3 | 8 | 313-328 | 7 |

# Fótboltinn á í vanda

Ítarleg rannsókn Europol leiddi í ljós að veðmálasvindl og hagræðing á úrslitum leikja er risavaxið vandamál í fótboltaheiminum. Europol er sannfært um að svindl hafi átt sér stað í 680 leikjum. Þar af er Meistaradeildarleikur á Englandi.



**SPILLING** mútur og svindl eru risastórt vandamál í knattspyrnuheiminum. SAMSETT MYND/SYLVÍA

**FÓTBOLTI** Evrópska lögreglan, Europol, upplýsti í gær að ítarleg rannsókn hennar á hagræðingu úrslita í knattspyrnuleikjum hefði leitt í ljós að svindlað hefði verið í 680 leikjum.

Europol óttast að þetta sé aðeins toppurinn á ísjakanum. 380 grunsamlegir leikir sem voru rannsakaðir fóru fram í Evrópu og hinir 300 í öðrum heimshlutum. Um 700 leikir í 30 löndum voru skoðaðir.

Europol segir að einn leikur í Meistaradeildinni sé á meðal þeirra leikja þar sem svindlað hafi verið. Sá leikur fór fram á Englandi á síðustu þremur til fjórum árum en meira vildi Europol ekki segja í bili um þann leik. Rannsókn leiddi líka í ljós að úrslitum hefði verið hagrætt í leikjum á HM og EM.

Í Þýskalandi veðjuðu glæpamenn 14 milljónum punda á leiki sem þeir vissu hvernig myndu fara. Það eru rúmlega 2,7 milljarðar íslenskra króna. Græddu þeir á því 6,9 milljónir punda eða rúmlega 1,3 milljarð íslenskra króna. 350 milljónum var varið í að múta réttum aðilum í þessum leikjum.

Rannsókn Europol hefur staðið yfir í eitt og hálft ár. Þar kemur í ljós að þessu svindli er stýrt af skipulögðum glæpasamtökum í Asíu. Þau vinna svo með glæpasamtökum í Evrópu. 425 einstaklingar liggja undir grun í þessum umfangsmikla máli og þegar er búið að handtaka fimmtíu. Áttatíu húsleitir hafa einnig verið gerðar vegna málsins.

„Þetta er langstærsta rannsókn á svindli í evrópskum fótbolta sem gerð hefur verið. Hún hefur leitt í ljós risastórt vandamál í boltanum,“ sagði Rob Wainwright, yfirmaður Europol.

Wainwright greindi aðeins frá nákvæmum upphæðum í Þýskalandi og sagði svo að hæsta greiðslan hefði farið til manns í Austurríki. Hún hljóðaði upp á rúmar 24 milljónir króna.

Baráttan gegn svindli í fótboltanum er rétt að byrja. Flest mál sem hafa komið upp til þessa hafa verið í Þýskalandi. Þar er búið að handtaka fjórtán manns sem hafa samtals verið dæmdir til 39 ára fangelsisvistar. Einnig er búið að sakfella menn fyrir svindl í Finnlandi, Ungverjalandi, Slóveníu og Austurríki.

henry@frettabladid.is

## Lykilpunktar

- rannsóknin hófst fyrir 18 mánuðum.
- neðrideildir í Evrópu voru í brennidepli.
- 13 þúsund tölvupóstar voru skoðaðir.
- Um 700 leikir voru rannsakaðir.
- búið er að bera kennsl á 425 grunaða einstaklinga.
- 50 manns þegar handteknir.
- 80 húsleitarheimildir.


**LAGERBÄCK** Valdi Rússland yfir aðra mögulega mótherja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lars vill spila við sterk lið

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta mætir Rússlandi í vináttulandsleik í Marbella á Spáni á morgun en þetta er fyrsti leikur liðsins á árinu 2013. KSÍ birti í gær svör landsliðsþjálfarans Lars Lagerbäck á blaðamannafundi með rússnesku pressunni.

„Við höfðum úr nokkrum möguleikum að velja hvað mótherja varðaði á þessum leikdegi. Af þeim var Rússland mest spennandi kosturinn, með eitt af tíu til fimmtán bestu landsliðum heims að mínu mati, og með einn af þekktustu og reynslumestu þjálfurum heims í Fabio Cappello,“ sagði Lars Lagerbäck um leikinn við Rússa.

„Við viljum spila við sterkar þjóðir, þannig lærum við mest hvernig við getum spilað gegn þessum sterku liðum. Ísland er fámenn þjóð, rétt rúmlega 300 þúsund, en Rússar eru 150 milljónir manna. Við erum samt með marga unga leikmenn sem geta náð langt og suma sem hafa þegar náð langt og geta náð enn lengra. Við lærum mest á því að spila með þessum leikmönnum við lið eins og Rússland, mjög sterkt lið með mjög öfluga leikmenn,“ sagði Lars.

Þetta er fjórði vináttuleikur Íslands á móti topp þrjátíu þjóð síðan Lars tók við fyrir ári. Liðið tapaði á móti Japan (30. sæti), Svíþjóð (17. sæti) og Frakklandi (16. sæti) en svo er að sjá hvað gerist á móti Rússum á morgun en þeir eru einu sæti og er í 9. sæti á heimslistanum. Leikurinn verður í beinni á Stöð2 Sport. - óój




+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á www.icelandairgolfers.is
ICELANDAIR
Golfers

mazda

zoom-zoom

# MAZDA 2
## TAKARA EDITION

Takara er japanskt orð yfir fjársjóð – prófaðu Mazda2 Takara, og þú skilur af hverju. Mazda2 Takara er sparneytinn, ótrúlega lipur, frábær í endursölu og á hagstæðu verði. Mazda2 Takara sérútgáfan er fjársjóðsfundur. Taktu snúning á Mazda2 Takara, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.




**Vélastærð 1,3i**
**84 Hestöfl**
**4,3 l/100 km***
**FRÍTT Í STÆÐI**

Á meðal búnaðar eru 15" álfelgur, rafdrifnar rúður að framan og aftan, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, leðurstýri, aksturstölva ásamt mörgu fleiru.

EURO NCAP
FOR SAFER CARS
www.euroncap.com

MAZDA 2 FRÁ 2.290.000 KR.
MAZDA 2 TAKARA EDITION 2.490.000 KR.

*Eldsneytisnotkun í langkeyrslu er 4,3 l/100 km, í blönduðum akstri 5,0 l/100 km, í innanbæjarakstri 6,2 l/100 km. CO2 losun er 115 g/km.
Frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg.

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga 12.00 - 16.00.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



> Stöð 2 kl. 20.25
**How I Met Your Mother**
Fjörið heldur áfram í gamanseríunni How I Met Your Mother á Stöð 2. Í þættinum í kvöld sjáum við þegar Ted hitti draumadísina í hrekkjavökupartíi fyrir tíu árum en hann týndi símanúmerinu hennar og hefur beðið og vonað að hann hitta hana aftur. Katie Holmes leikur gestahlutverk í þættinum.



### The Good Wife
**SKJÁR 1 KL. 21.10** Alicia þarf að eiga við lögfræðinginn Louis Canning í máli sem er milljóna virði í þætti kvöldsins. Þegar þau tvö mætast má alltaf eiga von á sprengju. Wendy Scott Carr birtist á ný í kvöld og hjálpar til við mál gegn Eli Gold.

TV.COM 8,8 IMDb 8,0



### Footballers Wives
**STÖÐ 2 GULL** KL. **21.35** Feikivinsælir þættir sem fjalla um þær Donnu, Tanyu og Chardonnay sem eru giftar eldklárum fótboltamönnum. Mennirnir þeirra spila allir fyrir sama liðið í Bretlandi, Earls Park. Utan fótboltavallarins lifa þeir miklu glæsilífi og fara eiginkonurnar þar í fararbroddi.

TV.COM 8,5 IMDb 6,3



### Forbrydelsen III
**RÚV KL. 22.20** Danski rannsóknarlögreglumaðurinn Sarah Lund fer á stúfana þegar ungri stúlku er rænt í Kaupmannahöfn. Málið er þó flóknara en útlit er fyrir og virðist tengjast gömlu og óupplýstu máli. Inn í það flækjast til að mynda forsætisráðherrann og stærsta fyrirtæki landsins.

IMDb 8,2

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Norðurslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Tungubrjótur **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tríó **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Hvað er málið? **21.40** Íslendingasögur **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Fimm fjórðu **23.15** Kvika **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Íslenski boltinn** *(e)*
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Þýsk þáttaröð um ástir og afbrýði eigenda og starfsfólks á Hótel Fürstenhof í Bæjaralandi.
**17.20 Teitur**
**17.30 Sæfarar**
**17.41 Skúli skelfir**
**17.52 Hanna Montana** *(e)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Nigella í eldhúsinu** *(13:13) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 360 gráður** Íþrótta- og mannlífsþáttur þar sem skyggnst er inn í íþróttalíf landsmanna.
**20.35 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
**21.10 Lilyhammer** *(5:8) (Lilyhammer)* Norskur myndaflokkur. Glæpamaður frá New York fer í felur í Lillehammer í Noregi eftir að hann ber vitni gegn félögum sínum. Hann á erfitt uppdráttar sem atvinnulaus nýbúi í Noregi og tekur því upp fyrri iðju.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpurinn III** *(1:10) (Forbrydelsen III)* Dönsk sakamálaþáttaröð. Meðal leikenda eru Sofie Gråbøl, Nikolaj Lie Kaas og Morten Suurballe. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.20 Neyðarvaktin** *(4:22) (Chicago Fire) (e)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.05 Kastljós** *(e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**12.20 Make It Happen**
**13.50 Ramona and Beezus**
**15.30 All About Steve**
**17.10 Make It Happen**
**18.40 Ramona and Beezus**
**20.20 All About Steve**
**22.00 The Golden Compass**
**23.50 Appaloosa**
**01.45 The Marine 2**
**03.20 The Golden Compass**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(22:22)*
**08.30 Ellen** *(89:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(76:175)*
**10.15 The Wonder Years** *(12:22)*
**10.40 Up All Night** *(1:24)*
**11.05 Fairly Legal** *(8:13)*
**11.50 The Mentalist** *(19:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** *(14:24)*
**13.25 The X-Factor** *(11:27)*
**15.00 Sjáðu**
**15.35 iCarly** *(35:45)*
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(90:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(13:23)*
**19.40 The Middle** *(3:24)*
**20.05 Modern Family** *(9:24)*
**20.25 How I Met Your Mother** *(8:24)*
**20.50 Two and a Half Men** *(2:23)* Í þessari tíundu þáttaröð hinna geysivinsælu gamanþátta fylgjumst við áfram með þeim Alan, Jack og Walden.
**21.15 Burn Notice** *(13:18)* Fimmta þáttaröð um njósnarann Michael Westen, sem var settur á brunalistann hjá CIA og nýtur því ekki lengur yfirvalda.
**22.00 The League** *(5:6)* Bandarísk gamanþáttaröð um nokkra vini sem hafa ódrepandi áhuga á amerískum fótbolta.
**22.25 The Daily Show: Global Editon**
**22.50 New Girl** *(14:22)*
**23.15 Go On** *(2:22)*
**23.40 Grey's Anatomy** *(12:24)*
**00.25 Rita** *(2:8)*
**01.10 American Horror Story** *(12:12)*
**01.55 Mad Men** *(1:13)*
**02.40 Rizzoli & Isles** *(5:15)*
**03.25 The Ex**
**04.55 Modern Family** *(9:24)*
**05.15 How I Met Your Mother** *(8:24)*
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 HM 2013: Ísland - Frakkland**
**19.25 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona**
**21.05 Spænsku mörkin**
**21.35 FA. bikarinn: Oldham - Liverpool**
**23.15 Þýski handboltinn: All Star Game**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.45 Everton - Aston Villa**
**16.25 QPR - Norwich**
**18.05 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 WBA - Tottenham**
**20.40 Man. City - Liverpool**
**22.20 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**22.50 Sunnudagsmessan**
**00.05 Newcastle - Chelsea** Ú

## 2 krakkar

**07.00 Brunabílarnir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Dóra könnuður**
**08.30 Svampur Sveinsson**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Ofurhundurinn Krypto**
**10.15 Lukku láki**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Maularinn**
**17.25 Ofurhetjusérsveitin**
**17.50 iCarly** *(6:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(20:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Gossip Girl** *(15:22)*
**18.35 Game Tíví**
**19.00 Friends** *(1:24)* Fylgstu með ævintýrum, Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.
**19.20 How I Met Your Mother** *(5:24)* Í þessari fimmtu seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast vinunum fimm enn betur.
**19.45 Simpson-fjölskyldan**
**20.05 The Glee Project** *(3:12)* Önnur þáttaröðin af þessum frábæru þáttum sem gengur út á það að finna og þjálfa upp ótrúlega hæfileikaríkt ungt fólk sem keppir svo um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.
**20.50 FM 95BLÖ** Tækifæri til að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.10 Hellcats** *(3:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í heim klappstýra og vinskap og samkeppni þeirra á milli.
**21.55 Smallville** *(7:22)* Áttunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.40 Game Tíví**
**23.05 The Glee Project** *(3:12)*
**23.50 FM 95BLÖ**
**00.10 Hellcats** *(3:22)*
**00.55 Smallville** *(7:22)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** *(128:175)*
**19.00 Ellen** *(90:170)*
**19.40 Borgarilmur** *(2:8)*
**20.15 Veggfóður**
**21.05 Gavin & Stacey** *(2:6)*
**21.35 Footballers Wives** *(2:8)*
**22.25 Borgarilmur** *(2:8)*
**23.00 Veggfóður**
**23.45 Gavin & Stacey** *(2:6)*
**00.15 Footballers Wives** *(2:8)*
**01.05 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray**
**08.45 Dr. Phil**
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Kitchen Nightmares** *(15:17)*
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Family Guy** *(5:16)*
**18.40 Parks & Recreation** *(12:22)*
**19.05 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret** *(1:6)* Sprenghlægilegir gamanþættir með hinum undarlega David Cross úr Arrested Development í aðalhlutverki. Todd gefur kettinum sínum að borða og heldur á vit ævintýranna í Lundúnum.
**19.30 America's Funniest Home Videos**
**19.55 Will & Grace** *(20:24)*
**20.20 Necessary Roughness** *(9:16)* Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle og frumleg meðferðarúrræði hennar.
**21.10 The Good Wife** *(11:22)* Fjórða þáttaröðin um góðu eiginkonuna Aliciu Florrick.
**22.00 Elementary** *(5:24)* Vinsælir bandarískir þættir sem fjalla um besta einkaspæjara veraldar, sjálfan Sherlock Holmes. Honum til halds og trausts er Dr. Watson sem er kona. Sögusviðið er New York borg nútímans.
**22.50 Málið** *(5:7)*
**23.20 HA?** *(4:12)*
**00.10 CSI** *(5:22)*
**01.00 Excused**
**01.25 The Good Wife** *(11:22)*
**02.15 Elementary** *(5:24)*
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Waste Management Phoenix Open **2013** *(1:4)* **10.10** Golfing World **11.00** Dubai Desert Classic *(3:4)* **15.00** Waste Management Phoenix Open **2013** *(2:4)* **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights *(4:45)* **19.45** Dubai Desert Classic *(4:4)* **22.00** Golfing World **22.50** US Open **2000** - Official Film **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Svartar tungur **21.30** Græðlingur

**ÚTVARP** **FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun






DRAUMARÚM
30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM
TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN
Rafmagnsrúm á verði frá 190.049
Tvíbreið heilsurúm á verði frá 129.360
12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing 16.732
12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing
JANÚARTILBOÐ: Tökum gamla rúmið upp í nýtt!
FRAMLENGJUM
FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNNI UM NOKKRA DAGA!
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING
Mesta úrval landsins af heilsudýnum.
Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.
Eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu
Janúartilboð á arineldstæðum
20-65% afsláttur
– Mikið úrval af eldstæðum –
ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

**BÓKIN**



**„Ég er að lesa þriðju bókina í Game of Thrones-seríunni eftir George R. R. Martin. Þetta eru virkilega flottar bækur.“**

Helgi Pjetur Jóhannsson, einn af eigendum Stokks Software.

# Helgi heiðrar Hauk Morthens

Hélt til Berlínar í gær til að taka upp nýja plötu í Hansa Tonstudio.

„Það er búið að standa til lengi að gera plötu með lögum Hauks Morthens,“ segir tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson sem hélt til Berlínar í gær til að undirbúa tökur á nýrri plötu sem verður til heiðurs Hauki Morthens.

Helgi tekur upp plötuna í Berlín í mars en hann hefur fengið til liðs við sig þýsku sveitina The Capital Dans Orchestra. Sveitin er skipuð 14 manns og fræg í heimalandi sínu fyrir samstarf við þýskar stjörnur eins og Ninu Hagen. „Ég hef áður sungið með þeim og langaði að gera eitthvað meira. Þetta smellpassaði svo allt núna með tímasetningar en þeir koma með þennan gamaldags hljóm sem einkennir tónlist Hauks,“ segir Helgi sem hlakkar til að hefjast handa.

Upptökur fara fram í hinu fornfræga stúdíói Hansa Tonstudio en þar hafa David Bowie og U2 meðal annars tekið upp plötur. „Það er svakalegur hljómur í upptökuherberginu þarna og ég á von á miklu stuði hjá okkur á meðan tökur fara fram.“

Undanfarið hefur sveitarómantíkin átt hug Helga sem hefur slegið í gegn ásamt Reiðmönnum vindanna með plötunum Ríðum sem fjandinn, Þú komst í hlaðið og Heim í heiðardalinn. Með þessari plötu kveður því við nýjan tón en stefnt er á að hún komi út um mánaðamótin maí og júní. Helgi er mikill aðdáandi Hauks Morthens og var með tónleikaröð honum til heiðurs árið 2010. „Ég var hvattur til að ráðast í gerð þessarar plötu og hlakka til að hefjast handa.“ - áp



**GERIR NÝJA PLÖTU** Helgi Björns heldur til Berlínar og tekur upp plötu með lögum Hauks Morthens ásamt þýsku hljómsveitinni The Capital Dans Orchestra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eurovision-stjörnur framleiddar á Dalvík

Fimm Eurovision-flytjendur Íslendinga hafa alist upp eða búið á Dalvík.

„Þetta hlýtur að vera tilviljun en þetta er samt mjög dularfullt,“ segir Eurovision-farinn og Dalvíkingurinn Matti Matt, inntur eftir svörum við því hvað geri Dalvíkinga svo farsæla í Söngvakeppni Sjónvarpsins.

Frá því Ísland tók fyrst þátt í Eurovision árið 1986 hafa 32 flytjendur farið utan fyrir okkar hönd. Þegar Eyþór Ingi sigraði undankeppnina hér heima síðastliðið laugardagskvöld varð hann fimmti Dalvíkingurinn til að standa í þeim sporum, séu talin með þau Pálmi Gunnarsson og Hera Björk sem bæði bjuggu í bænum um tíma. Eyþór Ingi, Matti Matt og Friðrik Ómar eru svo allir aldir upp á Dalvík. „Það hefur alltaf verið mikil stemning fyrir keppninni í bænum, rétt eins og annars staðar á landinu, en Dalvík er enginn sérstakur Euro-bær,“ segir Matti. „Kaldi ætti kannski að íhuga að búa til sérstakan Eurovision-bjór því ég held að hann sé það eina sem við höfum verið að drekka annað en fólk annars staðar á landinu,“ bætir hann við hlæjandi, spurður hvað sé í vatninu á Dalvík. Hann segist þess fullviss að Dalvíkingar eigi enn nóg inni og er sannfærður um að fleiri Eurovision-farar eigi eftir að koma frá bænum. „Mér detta strax í hug þrír sem koma vel til greina, en þeir eru pottþétt fleiri. Það er svo ótrúlega mikið af góðu söngfólki þarna,“ segir hann.

Tæplega 1.900 manns búa á Dalvík og því ágætis hlutfall sem hefur sigrað íslensku undankeppnina. „Þetta er svona álíka og ef þessir fimm flytjendur kæmu úr löngu blokkinni í Fellunum í Breiðholtinu, það búa álíka margir þar og á Dalvík. Geri aðrir betur,“ segir Matti.

Hann studdi Eyþór Inga að sjálfsögðu síðasta laugardagskvöld. „Hjartað slær auðvitað alltaf með Dalvíkingum. Í þokkabót er Eyþór góður vinur minn og Pétur Örn einn af mínum albestu vinum, svo það var fagnað vel og innilega þegar lagið þeirra sigraði. Sjö ára sonur minn orðaði þetta best þegar hann sagðist vera kominn með svima, hann væri svo glaður.“

tinnaros@frettabladid.is



**HJARTAÐ SLÆR Á DALVÍK** Dalvíkingar hafa séð landsmönnum fyrir fimm Eurovision-þátttakendum hingað til og segir Matti þá enn eiga nóg inni.

## Fjórir Dalvíkingar á síðustu fimm árum

- **Hera Björk** bjó að vísu aðeins á Dalvík í tvö ár en sé hún talin með hafa fjórir Dalvíkingar keppt fyrir Íslands hönd á síðustu fimm árum og allir komist upp úr undanúrslitunum.
- **Pálmi Gunnarsson** keppti fyrstur Dalvíkinga í fyrsta skipti sem Ísland keppti í Eurovision árið 1986. Þá flutti hann hinn ódauðlega Gleðibanka, ásamt Eiríki Haukssyni og Helgu Möller, og eins og frægt er lentu þau í 16. sætinu.
- **Friðrik Ómar Hjörleifsson** fór til Serbíu með Regínu Ósk og Eurobandinu árið 2008. Þau fluttu lagið This Is My Life og enduðu í fjórtánda sæti.
- **Hera Björk** lenti í 19.sæti í Ósló árið 2010 með lagið Je ne sais quoi.
- **Matti Matt** var hluti af hópnum Vinir Sjonna sem fóru til Düsseldorf árið 2011. Þeir höfnuðu í 20. sæti með lagið Coming Home.

# Nýr 300 manna tónleikastaður

Skemmtistaðnum Volta er ætlað að skapa umgjörð fyrir viðburði og tónleika.

„Það er mikið lagt upp úr útlitinu á staðnum, hljómburðinum og allri aðstöðu fyrir tónleika- og viðburðahald,“ segir skemmtistaðaeigandinn Steindór Grétar Jónsson.

Steindór er einn eigenda nýs skemmtistaðar sem ber nafnið Volta og verður opnaður um næstu helgi. Sömu aðilar standa að baki Volta og staðarins Harlem sem var opnaður um miðjan desember. „Þó sömu eigendur séu að stöðunum þá eru þeir samt alveg ótengdir og gjörólíkir,“ segir Steindór. Volta verður til húsa að Tryggvagötu 22 og verður á tveimur hæðum. Hann nær yfir aftari hluta þess svæðis sem áður var Þýski barinn auk neðri hæðarinnar og kemur hann til með að taka um 300 gesti.

Opnunarhátíð verður á Volta alla helgina. Hún hefst með tónleikahaldi á föstudagskvöldið þar sem hljómsveitirnar Hjaltalín, Ojba Rasta, Bloodgroup og Sóley stíga á svið. Á laugardaginn verður síðan klúbbstemning þar sem breski plötusnúðurinn Tim Green þeytir skífum, auk tvíeykisins Gluteus Maximus og DJ Yamaho. „Við viljum skapa þarna klúbbstemningu að evrópskri fyrirmynd og til þess verðum við meðal annars með heimsklassa hljóðkerfi og metnaðarfulla lýsingu,“ segir Steindór. Aðgangseyrir er kr. 2.000 á föstudag og 1.000 á laugardag og miðar aðeins seldir við innganginn. - trs



**OPNUNARHÁTÍÐ** Hjaltalín, Ojba Rasta, Bloodgroup og Sóley spila á opnunarkvöldi Volta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Ráðstefna IÐNMENNTAR 2013
Hilton Reykjavík Nordica

Markaðssetning iðn-, verk- og tæknináms

8. feb. kl. 13:00

Dagskrá:

**Skúli Helgason**, alþingismaður
*Allir stundi nám og vinnu við sitt hæfi. Kynning á skýrslu starfshóps.*

**Svana Helen Björnsdóttir**, formaður Samtaka iðnaðarins
*Bilið sem þarf að brúa.*

**Iðunn Kjartansdóttir**, náms- og starfsráðgjafi hjá Iðunni
*Hvað hefur áhrif á námsval iðn- og verknámsnemenda?*

**Heiður Agnes Björnsdóttir**, Cand Oecon, MBA
*Aðferðafræði og framkvæmd markaðssetningar iðn-, verk- og tæknináms.*

**Einar Ben**, MA í almannatengslum
*Samfélagsmiðlar - nýjungar í notkun og fræðslu.*

Umræður í hópum

Ráðstefnustjóri: **Baldur Gíslason**, stjórnarformaður Iðnmenntar og skólameistari Tækniskólans

*Skráning á skrifstofu Iðnmenntar, í síma 517-7200 eða á netfanginu heidar@idnu.is.*

IÐNMENNT ses

WWW.DOMINOS.IS
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP

**PANTAÐU MEÐ APPI EÐA Á NETINU**
Það er fljótlegt og þægilegt að panta með **Domino's appinu** og á vefnum okkar, **dominos.is**. Þannig geturðu valið, pantað, fylgst með pöntuninni á Pizzuvaktinni og fengið fréttir af tilboðum.

# ÞÚSUNDKALLA ÞRIÐJUDAGUR

**1.000 KR.** ÞEGAR ÞÚ SÆKIR MIÐSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR ÁLEGGSTEGUNDUM

VIÐ NOTUM EINGÖNGU **100%** ÍSLENSKAN OST

KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinsæll Hvellur

Sýningar á heimildarmyndinni Hvelli eftir **Grím Hákonarson** byrja vægast sagt með hvelli. Aðsóknin hefur gengið vonum framar og eru aðstandendur myndarinnar mjög ánægðir með viðtökurnar, en alls hafa um þúsund manns séð myndina á einni viku.



Hvellur fjallar um einstakan atburð í sögunni þegar bændur sprengdu stíflu við Mývatn árið 1970 og komu þannig í veg fyrir eyðileggingu Laxár og Mývatns. Lengi hvíldi mikil leynd yfir því hverjir stóðu að baki sprengingunni og er þetta jafnframt í eina skiptið sem dínamít hefur verið notað við náttúruvernd á Íslandi.

### Fjöldi fylgdist með Ofurskálinni

Ofurskálin, eða Superbowl eins og leikurinn nefnist á frummálinu, virðist njóta sífellt meiri vinsælda hér á landi. Þannig mátti fylgjast með miklum fjölda fólks tjá sig um leikinn aðfaranótt mánudags á samfélagsmiðlinum Twitter. Þá voru haldin Ofurskálarboð víða. Meðal annars komu aðstandendur og vinir skemmtistaðarins Harlem saman í lokuðu boði og fylgdust með leiknum. Meðal þeirra sem mættu voru tónlistarmennirnir **Snorri Helgason**, Guðmundur Óskar Guðmundsson og **Sindri Már Sigfússon**, grínistarnir Bergur Ebbi Benediktsson og Jóhann Alfreð Kristinsson, sjónvarpsmaðurinn Ágúst Bent og rithöfundurinn Óttar M. Norðfjörð. **- sm, þeb**



## Mest lesið vísir

1. Konan sem hrapaði í Esjunni er látin
2. Twitter logaði í nótt – 5,5 milljónir tístuðu yfir flutningi Beyoncé
3. Hæstiréttur skrúbbaður að utan í mótmælaskyni
4. Tveir ungir menn enn í haldi á Akureyri eftir fólskulega líkamsárás
5. Það er svindlað á þér – enginn staður með löggilta sjússmæla





